

Sjómanna- og vélstjórafélag
Grindavíkur

Sjómannadagsblað Grindavíkur 2024

ISSN 977-1670301001-1
25
9 771670 301001



Vinur við sjávarútveginn

Frá árinu 1927 hefur saga Olís verið samofin íslenskum sjávarútvegi og þjónustu við skip og útgerðir.
Við ætlum að halda þeirri siglingu áfram.

olís

Til hamingju með daginn, sjómenn

Samstarf við nærsamfélagið er okkur hjartans mál. Í gegnum tíðina hafa veitingastaðir Bláa Lónsins fengið fisk hvern dag frá grindvískum sjómönnum og það samstarf heldur enn áfram þótt það sé í breyttri mynd. Með þökkum fyrir ómissandi aðföng óskum við Grindvíkingum til hamingju með sjómannadaginn.



BLUE LAGOON

Til hamingju með sjómannadaginn!

TM og íslenski sjávarútvegurinn hafa gengið samhliða í gegnum strauma og stefnur sögunnar. Við erum stolt af tengingu okkar við sjávarútveginn og öllu því sem samstarf okkar hefur áorkað.

TM óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn!



Hugsum í framtíð

TM

TIL HAMINGJU, HAFSINS HETJUR!

Íslenska Klíníkin
Búdapest

- Íslenskir fulltrúar sækja ykkur á flugvellinn og aka á hótelið
- Íslenskt starfsfólk sem býr og starfar í Búdapest sér um öll samskipti
- Gisting á 4 stjörnu hóteli
- Auk herbergja eru í boði fjölskylduíbúðir
- Nóg við að vera fyrir alla fjölskylduna
- Úrvals tannlæknar með framhaldsmenntun
- Tannlæknastofa búin þeim bestu tækjum sem völ er á
- Aðgangur að vatnagarði og gufu
- Nuddstofa, snyrtistofa, hárgreiðslu-stofa o.fl. innan veggja hótelsins
- Útsölumarkaðir innan seilingar við hótelið
- Íslensk ráðgjöf alla leið í gegnum ferlið og aðstoð við allt sem viðkemur því að njóta þess besta sem Búdapest hefur upp á að bjóða
- Sjálfsdekur og sparnaður í sömu ferð

Íslenska alla leið!

Þau sjá vel um þig!



Hefjum samtalið!

Sendu okkur línu á Facebook,
tennur@islenskaklinikin.eu
eða sláðu á þráðinn til okkar
í síma 851 9800

Þú finnur okkur á Facebook
og www.islenskaklinikin.is

Fáir njóta eldanna sem fyrstir kveikja þá

Nú eru Grindavíkureldar búnir að standa meira og minna yfir í rúm fjögur ár. Grindavík var rýmd aðfararnótt 11. nóvember í fyrra, nú rúmum sex mánuðum síðar er enn rýming, almannavarnarástand stendur yfir og ýmsar útgáfur af neyðarstigum hafa skapað algeran glundroða í samfélag Grindvíkinga.

Megin þorri íbúa er fluttur eitthvað annað, farinn að gera eitthvað annað og verður líklega eitthvað annað en Grindvíkingar ef fram heldur sem horfir.

Hugur ritstjóra leitar til heimahaganna, væntingar eru eitt, staðreyndir annað þó er eitt á hreinu hvað sem verður, ég verð jarðaður í kirkjugarðinum að Stað í Staðarhverfi í Grindavík.

Uppúr 1930 tóku þeir sig til kallarnir í víkinni, mættu með haka og skóflur og



Guðbjörg Eyjólfsdóttir og Óskar Sævarsson

hófu að grafa ós í rifið á Hópinu svo úr varð að endingu, prýðilegasta höfn. Þegar að þar að kemur að uppbygging Grindavíkur megi hefjast, mæti ég með haka og skóflu með hinum köllunum.

Átti gott spjall við útgerðarmann frá Grindavík/Grenivík um daginn hann vakti máls á öllum þessum kostnaði í öllum þessum „aðgerðum" og „úrræðum" til dæmis við gerð varnargarðana og benti mér á að hann væri að láta smíða skip (og nú er ég að tala um nýja Hákon ÞH) sem verður með allra öflugustu fiskiskipum heims, hann fengi sennilega tvö fyrir það sem garðarnir koma til með kosta? Og efnið er allt á staðnum!

Það eru margir að smyrja feitt á reikningana þessa dagana, það verður eflaust gert upp,starfshópur og skýrsla .. held þó ekki.

Vona bara að lærdómur verði dreginn af þessum atburðum sem gætu komið að gagni í framtíðinni.

Fyrir mína hönd vil ég koma á framfæri þakkalæti til allra þeirra sem staðið hafa með Grindvíkingum í þessum hamförum og lagt sitt af mörkum til þess að gera tilveruna bærilegri.

Viðbragðsaðilum, bæjarstjórn og ráðamönnum samfélagsins og öðrum þeim sem fundu sér sterka fótstöðu frá upphafi atburða og unnu að lausnum og eru að tala fyrir Grindavík, **sérstaklega.**

Innilegar þakkir fá allir sem lögðust á árarnar með ritstjóra til þess að gera Sjómannadagsblað Grindavíkur 2024 að veruleika.

Ég óska Grindvíkingum, sjómönnum, fiskvinnslufólki og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn.

Óskar Sævarsson ritstjóri.



Margir Grindvíkingar áttu trillubáta og stunduðu handfæraveiðar eða lögðu skötulóðir (haukalóðir) á sumrin. Trillurnar voru oft teknar á land fyrir neðan Hraðfrystihús Grindavíkur, eða þeim var lagt úti á pollinum fyrir innan Kvíabryggju. Hlutum af steinkerjum sem notuð voru til bryggjugerðar en nýttust ekki var komið fyrir í pollinum til uppfyllingar síðar. Ljósm; Ólafur Rúnar, 1959.

Efnisyfirlit:



Ritstjóraspjall *6*
Óskar Sævarsson

Formannspistill *12*
Einar Hannes Harðarson



Hver nótt á sér morgun, hver vetur á vor *14*

Eldgos í Vestmannaeyjum, veturinn 1973 *19*

Short Sunderland ferst á Fagradalsfjalli *22*
Karl Smári Hreinsson



Árið 2023 voru 70 ár síðan fyrirtækið Þorbjörn hf. var stofnað *28*

Minning *30*

Hugleiðing á sjómannadag *33*
Séra Elínborg Gísladóttir



Í fótspor sjóræningja Tyrkjaránsins 1627 *34*
Karl Smári Hreinsson

Óhappið sást úr kíki í heimahúsi *42*



Glettnar og bráðlifandi svipmyndir af grindvísku mannlífi og menningu 50
Eðvarð T. Jónsson

Öld er liðin frá smíði síðasta áttæringsins *58*



Sjómannadagurinn 4. júní 2023 *62*

Heiðranir 2023 *78*

Sjómannadagsræða 2023 *73*
Einar Hannes Harðarson



„Tími kominn á sjómanna byltingu í íslensku samfélagi“ *76*
Kári Stefánsson



Hátíðarkvöldverður 2023 *78*

Sjómannadagurinn 2023 - Víðihlíð *80*



Markaði djúp spor í íslenska bókmenntasögu *84*

Festi - Ljósmyndir *86*
Ólafur Rúnar



Grindavík - Samfélag í sárum *88*

Nýsmíði: Hulda Björnsdóttir GK - Guðbjörg GK 9



Húsnæðismál Fisktækniskólans í uppnámi *96*
Klemenz Sæmundsson

Framkvæmdir framundan *102*
Sigurður A. Kristmundsson

Félagsmál *112*



Útgefandi og ábyrgðaraðili:
Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur

Formaður:
Einar Hannes Harðarson

Ritstjóri:
Óskar Sævarsson

Uppsetning og prentumsjón:
Svavar Ellertsson, Stapaprent

Prófarkalestur:
Sigrún Þorbjörnsdóttir

Auglýsingar:
Steingrímur E. Kjartansson

Forsíðumynd:
Maron GK
Ljósmynd : Jón Steinar Sæmundsson

Ljósmyndir:
Ólafur Rúnar Þorvarðarson
Jón Steinar Sæmundsson
Eyjólfur Vilbergsson
Óskar Sævarsson
Hallur J. Gunnarsson
Kári M. Ölversson

Sérstakar þakkir:
Hallur J. Gunnarsson

Skrifstofa Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur,
Hafnargötu 9 Grindavík / Stórhöfði 29 Reykjavík, sími 426 8400,
svg@svg.is, skrifstofan er opin alla virka daga frá klukkan 8.00-13.00.

Öll afritun texta og mynda er óheimil nema með leyfi ritstjóra eða höfunda.

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur á sjómannadegi















HD

www.hd.is

Í tilefni sjómannadags óskum við sjómönnum og fjölskyldum þeirra innilega til hamingju með daginn.

HD hefur ávallt haft sterka tengingu við íslenskan sjávarútveg. Endurnýjun og tæknivæðing fiskiskipaflotans sem og vaxandi umsvif í fiskeldi kalla á fjölbreyttari viðhaldsþjónustu en áður, þjónustu eins og sívöktun vélbúnaðar, ástandsgreiningar sem og almenna viðhaldsþjónustu.
HD útvegar vélbúnað, dælur og tæknilega þjónustu fyrir sjávarútveg og fiskeldi.



Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra
hátíðarkveðjur á sjómannadegi











Njarðarbraut 19 - 260 Reykjanesbæ - Sími: 420-6600 - www.toyotareykjanesbae.is





REYKJANESHÖFN












JÓN & MARGEIR
Grindavík
Grindavík
FRIÐ 750
Grindavík
GLOBETROTTER
JÓN & MARGEIR
Seljabót 12 • Grindavík • Sími 840 1330 • jon@jonogmargeir.is


BEWI
for a better everyday


TIL HAMINGJU
MEÐ DAGINN
SJÓMENN OG FJÖLSKYLDUR
555 6677 | umb.is | Korngörðum 5, Reykjavík
UMBÚÐAMIÐLUN



Formannspistill

Frá Sjómannadegi á síðasta ári hefur mikið verið unnið í kjaramálum sjómanna, við vorum með felldan samning frá liðnum vetri .

Sjómenn samþykktu nýjan kjarasamning í febrúar síðast liðnum, um er að ræða lengsta tímabil samnings í Íslandssögunni eða 9 ár. Það sem helst er að nefna í þessum nýja samningi okkar er að helsta krafa okkar sjómanna var samþykkt að fá til jafns á við aðra landsmenn 3.5 % lífeyrisauka sem er tilgreind séreign.

Það er nú einu sinni þannig að þegar að við gerum kjarasamning erum við ekki alveg sáttir, þó er tekið á nokkrum málum og þau færð til betri vegar m.a öryggismálum sjómanna sem við Grindvíkingar höfum tekið föstum tökum, stofnuð verður öryggisnefnd í þeim efnum.

Varðandi þessa tímalengd samings, er það að mörgu leyti mjög gott, það leiðir til fyrirsjáanleika í mörgum þáttum er varðar samninginn.

Traust milli sjómanna og útgerðar verður að auka og laga, hefur lagast lítillega í kjölfar samningsgerðar en þarf að bæta til muna.



Einar Hannes Harðarson formaður S.V.G. og vinnslustjóri á Tómasi Þorvaldssyni GK.

Frá 10. nóvember 2023 hefur verið mjög sérstakst ástand hjá okkur í félaginu, við höfum reynt eftir fremsta megni að aðlaga okkur að breyttum aðstæðum, félagið fékk strax eftir atburðina inni í húsi fagfélaganna á Stórhöfða í Reykjavík og færum við þeim bestu þakkir fyrir.

SVG stendur sterkt eftir sem áður og kappkostum við að þjóna okkar félagsmönnum.

Það er ljóst að sjómannadagurinn verður ekki haldinn hátíðlegur í Grindavík, Sjómannadagsráð Reykjavíkur hefur boðið okkur samstarf og ætlar að fóstra okkur með hátíðahöldin, vil ég færa Sjómannadagráði Reykjavíkur sérstakar þakkir fyrir.

Sjómannamessan verður í Vídalínskirkju í Garðabæ og heiðrunin verður í Hörpu í Reykjavík.

Einnig er fyrirhugað að halda í Grindavíkurkirkju samkomu á laugardaginn fyrir sjómannadag og leggja blómsveig við minnismerki um drukknaða og týnda sjómenn, styttuna Von og í Staðarkirkjugarði.

Ég vil að endingu færa Grindvíkingum öllum, sjómönnum og fjölskyldum þeirra heillakveðjur, óskir um gleðilegan sjómannadag og bjarta framtíð.

Kveðja
Einar Hannes Harðarsson
formaður Sjómanna og
vélstjórafélags Grindavíkur.

Aðgerðir fyrir Grindvíkinga

Aðgerðarpakki 1

Tryggja afkomu launafólks í Grindavík í 3 mánuði
Greiðsluskjól -fella niður vexti og verðbætur í 3 mán og fresta afborgunum.
Tryggja húsnæði fyrir Grindavíkinga í skemmri eða lengri tíma í að minsta kosti 3 mán.
Sálfræðistuðning fyrir Grindvíkinga.
Auk þess margir liðir sem við fórum með til Veðurstofu, Vinnumálastofnunar, NTÍ, Vinnueftirlitsins, Almannavarna. Og svo tillögum fylgt eftir við nefndir, alþingi og ráðherra.

Aðgerðarpakki 2

1. Ríkið gefi öllum íbúum Grindavíkur sem eiga fasteign á svæðinu kost á að losna undan skuldbindingum sínum í húsnæði með boði um að kaupa þær á brunabótamati. Endurskoða þarf 12% förgunargjald, að fullu eða að hluta. Við sjáum fyrir okkur að þetta verði gert með breytingum á lögum Náttúruhamfararsjóðs eða öðrum aðgerðum. Tryggja þarf forkaupsrétt þeirra sem kjósa að selja og gefa þeim kost á að flytja til baka þegar og ef svæðið verður að fullu öruggt fyrir búsetu til lengri tíma.

2. Setja þarf bráðabirgðalög sem frystir öll húsnæðislán, án kostnaðarauka fyrir lántakendur, með veðrétti í húsnæði í Grindavík. Tryggja þarf að greidd húsaleiga til leigufélaga í janúar verði að fullu endurgreidd.

3. Hefja þarf uppbyggingu bráðabirgðahúsnæðis í samvinnu við Bjarg sem hefur kynnt fyrir stjórnvöldum staðsetningar og teikningar að slíkum úrræðum.

4. Setja þarf tafarlaust bann við skammtímaleigu til ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

5. Átaksverkefni í húsnæðisuppbyggingu verði hraðað eins og kostur er og horft verði til bæði skammtíma- og langtímalausna. Skoða mætti frekari uppbyggingu í Úlfarsárdal í þeim efnum.

6. Ríkið haldi áfram kaupum á húsnæði og geri langtímaleigusamninga við verktaka sem eru með tilbúnar eignir eða eignir sem eru við það að verða tilbúnar.

7. Framlengja þarf framfærsluúrræði (sbr.úrræðið Laun í sóttkví) til áramóta 2024/25.

8. Úttvíkka þarf framfærsluheimildir til þeirra sem treysta sér ekki til vinnu en búa ekki í Grindavík, til dæmis starfsfólks Bláa lónsins. Margt starfsfólk lónsins er hrætt við að mæta á vinnustað sem staðsettur er á stórhættulegu svæði en þetta fólk fellur á milli skips og bryggju þegar kemur að þeim úrræðum sem í boði eru.

9. Tryggja þarf aukið framlag í sjúkrasjóði verkalýðsfélaga á svæðinu þar sem einsýnt er að áhlaup mun verða á sjóðina næstu misseri.

10. Tryggja þarf átak í sálgæslu og áfallahjálp til handa Grindvíkingum, börnum sem og fullorðnum, og finna nýjan eða dreifðari svæðistengdan stuðning. Hjálparmiðstöð í miðbæ Reykjavíkur er ekki aðgengileg staðsetning.

Aðgerðarpakki 3

1. Að útvíkkuð verði lög um afslátt af stimpilgjöldum og munu þau líka eiga við um Grindvíkinga rétt eins og um fyrstu kaupendur. Til þess að koma til móts við þann kostnað sem af þessu hlýst.

2. Að Grindvíkingar geti tekið út séreignasparnað sinn skattfrjálst til þess að geta greitt eigið fé í nýja íbúð. Ljóst er að stór hluti Grindvíkinga er að flytja á mun dýrari fasteignamarkað en húsnæðið þeirra var á, munu margir þurfa meira eigið fé en þau áttu í eldra húsi til þess að komast inn á fasteignamarkaðinn. Þetta mun hjálpa til við það.

3. Hlutdeildarlán

Lög um hlutdeildarlán verði víkkuð út fyrir Grindvíkinga. Ljóst er að stór hluti Grindvíkinga er að flytja á mun dýrari fasteignamarkað en húsnæðið þeirra var á, munu margir þurfa meira eigið fé en þau áttu í eldra húsi til þess að komast inn á fasteignamarkaðinn. Þetta mun hjálpa til við það.

Annar liður

Húsnæðis stuðningur framlengdur út árið. Bygging á húsnæði, sérstaklega gætt að litlum fjölskyldum. (viðlagasjóðshús)
Tryggingar vegna starfsfólks í Grindavík. Sálfræðingur til Verkalýðsfélags Grindavíkur t.d (tilraunaverkefni til 3 mán) Ferðastyrkir til og frá vinnu í Grindavík -Vinnuskóli

Þriðji liður

Þórkatla tímalína hvenær verður borgað út.
Stofnun félagsins hvenær verður henni lokið og hvenær verður byrjað að borga út.



Hver nótt á sér morgun, hver vetur á vor

Viðtal við Einar Hannes Harðarsson formann Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur og Hörð Guðbrandsson formann Verkalýðsfélags Grindavíkur

Þann 10. maí 2024 eru liðnir sex mánuðir frá rýmingu Grindavíkur. Tilvistarkreppa Grindvíkinga er enn til staðar, óvissan um framtíð Grindavíkur og uppbygging ekki í sjónmáli, landflótta Grindvíkingar reyna í fremsta megni að skapa sér og sínum fótfestu og framtíð.

Legg út frá orðspeki gáfumanns,- dagurinn í dag er endurtekning á gærdeginum, nútíðin er ekki til hún er endurtekning á fortíðinni, það er framtíðin sem skiptir máli"

Tók tali þá feðga Einar Hannes Harðarson formann Sjómanna og vélstjórafélags Grindavíkur og Hörð Guðbrandsson formann Verkalýðsfélags Grindavíkur, spjallið erum það sem á dagana hefur drifið, frá atburðinum 10. nóvember 2023 og sýn þeirra á framtíðina.

Einar; strax eftir hamfarirnar í nóvember fórum við til ráðamanna þjóðarinnar með launsir á þeim vandamálum sem þurfti að kryfja og leysa á fyrstu dögum .

Hörður; við komum strax á mánudeginum, strax á fyrsta virka degi 13. nóv með tillögur um fyrstu tillögur til lausna og var hugsað til þriggja mánaða, einfaldar lausnir, frekar fáar og praktískar. Ragnar Þór formaður VR greip okkur strax og leiddi okkur þarna í byrjun með ráðum og dug og er honum mikið að



Hörður Guðbrandsson



Einar Hannes Harðarson

þakka að á þessum tímapunkti gætum við starfað, áttum í raun nóg með okkur og okkar fjölskyldur líkt og aðrir Grindvíkingar.

Einar; í fyrsta pakkanum vorum við að tryggja launagreiðslur og fleiri atriði er varðar afkomu, einnig vorum við þá með tillögur um„viðlagasjóðshús" huga bæri strax að uppbyggingu af því tagi, enn þann dag í dag hefur ekkert verið hlustað á úrræði af því tagi.

Hörður; hefði verið farið strax af stað, nú sex mánuðum síðar væri farið að styttast í afhendingu slíkra húsa, hver skýringin er á því er erfitt að segja.

Einar; líklega má samt halda fram að eins og atburðirnir þróuðust var erfitt að taka ákvörðun um það.

Flest vorum við á því að þessu færi að linna og við værum á leiðinni heim og sennilega ráðamenn líka.

Síðan kemur gosið 14. janúar og sviðsmyndin gjörbreytist á ný"þá komum við aftur að borðinu með annan pakka, lengja í húsnæðisstyrknum út árið, var þó aðeins samþykkt út ágúst, framfærslustyrki út árið, var þó aðeins samþykkt út júní.

Hörður; og þá komu uppkaupin á húsnæði á borðið, við komum með tillögur um það, þær fóru nánast óbreyttar í gegn, vorum þó með tillögu um 100% mat en ákveðið var 95%.

Núna á vormánuðum erum við klárir með þriðja pakkann um framhald á úrræðum og lausnum fyrir Grindvíkinga.

Hverjir eru þeir aðilar sem helst hafa lagst á áranar með ykkur?

Hörður; það má koma fram að í þessari vinnu höfum við fengið mjög góðann stuðning frá þingmönnum, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, sama má segja um ráðherra og stjórnina.

Einar; það hefur verið auðvelt að fá fundi með ráðamönnum þjóðarinnar þegar við höfum sóst eftir því, sama má segja um aðra aðila eins og þingnefndir, NTÍ, vinnumálstofnum, Veðurstofunni og Almannavörnum.

Í hverra umboði leggið þið á ykkur þessa vinnu ?

Hörður; þetta er góð spurning, það má segja að við tókum í raun þetta„-Umboð" uppá okkar eigin arma, í þessu tómarúmi sem var til staðar, við erum í raun ekki kosnir í okkar félögum í vinnu af þessu tagi, enginn annar var að fara í þetta, ekkert fordæmi að fylgja og engin mappa með„umboð" af þessu tagi til, við settum okkur í stellingar og hófumst strax handa við þesssa vinnu.

Einar; þó er það skýrt að verja framfærslu og öryggi okkar félagsmanna fellur að sjálfsögðu að þessu og í raun svo margt annað sem tengist ástandinu, eins og hjálpa félagsmönnum sem einfaldlega treystu sér ekki að mæta til vinnu á sjó og í landi, þarna þurftum við að útvíkka okkar hlutverk og umboð, við fengum áheyrn ráðamanna og nýttum tækifærið til að finna lausnir.

Einar; við vorum í þeirri stöðu til dæmis að verja okkar félagsmenn sem voru ekki í neinu standi til þess að mæta til vinnu í Grindavík, en voru þó boðaðir, fólk var mjög misjafnlega statt í þessum efnum.

Hvað er það helst sem að betur hefði mátt fara í þessari vinnu ?

Einar; Það er hringlandaháttur í kerfinu, sem þurfti að takast á við þetta verkefni sem að vísu er fordæmalaust það eru alltof mörg atriði að veltast um í ferlinu, svara er þörf í því sambandi má nefna að NEI er líka svar, annars er bara áframhaldandi óvissa. það hefði frá upphafi þurft að koma á fót aðgerðarstjórn, ráða aðgerðrastjóra til að samræma heildardæmið, það er að vísu að raungerast núna, erum þegar komnir þar í samband.

Framtíðin?

Hörður; Húsnæði félagsins við Víkurbraut er dæmt ónýtt, félagið er með lögfræðing í þeirri vinnu sem framundan er að fá bætur, eins og er þá erum við með okkar skrifstofu í húsi verslunarinnar hjá V.R. það er búið að bjóða okkur að vera þar til áramóta, eins og staðan er núna þá þiggjum við það, okkar hús ónýtt og ástandið suður frá í óvissu, það hefur gengið vonum framar að Þjónusta okkar félagsmenn, má segja að álagið sé mjög mikið, allt gengur þetta vel fyrir sig, hvort heldur við erum að tala um almenna þjónustu við félagsmenn eða önnur mál sem við koma okkar fólki. Stjórn félagsins veltir fyrir sér ýmsum sviðsmyndum um framtíðina, en í raun ótímabært að taka ákvarðanir þar um.

Einar; Sjómannastofan Vör er óskemmd, skrifstofan hefur verið frá upphafi atburða í húsi fagfélaganna að Stórhöfða 29.a, og verður næstu misserin, staðan er þessi um helmingur okkar félagsmanna er af landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu og hefur ekki aðgengi að Grindavík, einungis Grindvíkingar og þeir sem þar vinna hafa aðgengi, þegar að þar að kemur að allir okkar félagsmenn muni hafa aðgang að Grindavík, atvinnulífið við höfnina þjónusta komin í gang er það stefnan að fara með skrifstofu félagsins til Grindavíkur, í dag er ótímabært að vera með yfirlýsingar.

Mér finnst mjög mikilvægt að þetta ástand í Grindavík klárist, við erum velkomnir hér á Stórhöfðanum og verðum hér næstu misserin.

Lokaorðin

Hörður; að lokum að koma á framfæri þakklæti til þjóðarinnar, hvort sem það eru ráðamenn eða almenningur almennt, góðar viðtökur og viðmót hvert sem leitað er, og samhugur um að greiða okkar götu.

Einar; Í öllu þessu mótlæti og erfiðu tímum, eru innan um fallegar sögur, hvernig lausnir urðu til þar sem ekkert var framundan, fólk og fyrirtæki að umvefja sína starfsmenn og gera okkur tilveruna bærilega. Við þurfum að draga lærdóm af þessum atburðum, upplýsingar til okkar Grindvíkinga hafa frá fyrsta degi skilað sér illa og seint, þetta þarf að laga, í framtíðinni mun þjóðin upplifa fleiri hamfaraatburði og þá þarf þetta að vera í betra lagi en nú er .

Ritstjóri.

Traustur félagi í sjávarútvegi

Skeljungur hefur þjónað sjávarútveginum og smábátaeigendum í tugi ára. Skeljungur óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn.



skeljungur.is | Skútuvogi 1

Skeljungur

SJÓMENN
til hamingju með daginn

OPTIMAIR ICE
krapavélar

CO_2



SPRAUTUVÉLAR



HNÍFABRÝNI
Fyrir hringhnífa



Sendum ykkur og fjölskyldum ykkar, hamingjuóskir í tilefni sjómanna-dagsins.

KAPP
THE OPTIMAIR ICE COMPANY
www.kapp.is
Kópavogur – Þorlákshöfn
Vestmannaeyjar – Grundarfjörður

Til hamingju með daginn!



Vísir óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn.

VÍSIR

LONG LINE CAUGHT

Visirhf.is



Samhentir



Feðgarnir Þórarinn og Sævar með skipshöfn sinni, ánægðir í vertíðarlok.

Eldgos í Vestmannaeyjum, veturinn 1973

- Sérstakar minningar frá 23. janúar 1973, þegar eldgos kom upp í Heimaey í Vestmannaeyjum

Veturinn 1973 var ég vélstjóri á Albert GK 31. Skipið lá þann 23. janúar í heimahöfn og vorum við að útbúa okkur fyrir væntanlega loðnuvertíð. Þá kom kallið um að sigla til Eyja til að aðstoða í eldgosinu. Skipstjórinn, Þórarinn Ólafsson, oftast nefndur Þóri, var ekki lengi að að kalla saman skipshöfnina og vorum við sjóklárir á stuttum tíma. Við þurftum meðal annars að kalla út Viðar Hjaltason í Vélsmiðju Grindavíkur til að ná í lensidælu sem var þar í viðgerð en við vildum hafa hana með.

Þrátt fyrir ágætt veður var brim á sundinu sem Þóra gekk vel með eins og áður. Aðrir bátar sem fóru í sömu erindagjörðum frá Grindavík voru ekki



Vélstjórarnir Sigurjón Þorgrímsson og Hinrik Bergsson á tali við Helga Hjartarson, rafveitustjóra og einn af eigendum skipsins.



Þrír ættliðir skipstjórnarmanna: Þórarinn Ólafsson, Sævar Þórarinsson og Gunnlaugur Sævarsson.



Albert landar bolfiski í Grindavík.



Hjónin Þórarinn Ólafsson og Guðveig Sigurðardóttir á góðri stundu á Sjómannastofunnni Vör.

eins heppnir og sumir fengu á sig brot

Við félagarnir Sigurjón Þorgrímsson og ég, notuðum tímann á útstíminu til þess að koma dælunni fyrir, milli þess sem við fórum upp í borðsal að hlusta á Ríkisútvarpið sem var með stöðuga útsendingu vegna eldgossins. Einnig fórum við upp í brú til Þóra til að virða fyrir okkur bjarmann af gosinu sem sífellt varð greinilegri eftir því sem við nálguðumst eyjarnar. Ferðin til Vestmannaeyja er um 7 klst. og þegar við vorum komnir langleiðina, kom í ljós að flestir íbúar höfðu yfirgefið eyjarnar og ekki var óskað eftir frekari aðstoð okkar. Við fórum þó einn hring í morgunsárið inn í höfninni, án þess að leggjast að bryggju og héldum svo heim.

Við komum svo síðar til löndunar í Eyjum á þessri gjöfulu loðnuvertíð og var það eftirminnilegt að starfa undir eldspúandi fjallinu. Ekki mátti fara í land nema bráða nauðsyn bæri til og þá einungis upp á bryggjusporðinn.

Nú, 51 ári síðar, þegar við Grindvíkingar erum í svipaðri stöðu, finn ég að það er tvennt ólíkt að vera þátttakandi í atburðinum eða áhorfandi.

Uppbyggingin í Vestmannaeyjum tókst vel. Hæfileiki mannsins til þess að endurreisa og aðlagast nýjum aðstæðum er ótrúlegur og ekkert ástand varir að eilífu.

Við hjónin eigum óskemmt hús á Austurveginum og ætlum við að snúa heim og taka þátt í endurreisn samfélagsins í Grindavíkurbæ.

Ég ætla að lokum að gera ljóðlínur úr lagi Sigurbjörns Daða Dagbjartssonar að mínum „Grindavík er alltaf bærinn minn".

Hinrik Bergsson



Albert GK, áður Birtingur NK, smíðaður í Noregi 1967. Ljósmyndari Ólafur Rúnar 1973.



Hásetarnir á Albert GK klæddir hlífðarfötum sjómanna fyrri tíma. Glæsilegir fulltrúar skipsins.

Karl Smári Hreinsson:

Short Sunderland ferst á Fagradalsfjalli



Í apríl 1941 fórst Sunderland flugbátur á Fagradalsfjalli á Reykjanesi. Ungur drengur frá Hábæ á Vatnsleysuströnd, Nikulás Sveinsson, rakst á hóp slasaðra flugmanna skammt frá Vogum og fylgdi þeim heim til sín þar sem móðir hans bjó um sár slösuðu flugmannanna. Aldrei áður hefur verið fjallað um þennan atburð á prenti.

204. flugsveit konunglega breska flughersins 204. RAF-flugsveitin á rætur sínar í fyrri heimsstyrjöld og þegar konunglegi breski flugherinn var formlega stofnaður þann 1. apríl 1918 fékk flugsveitin þetta flugsveitarnúmer en var leyst upp ári síðar. Árið 1929 var flugsveitin endurskipulögð. Þá hafði flugsveitin á að skipa 5 flugbátum en hlutverk flugsveitarinnar var strandgæsla. Í júní 1939 fékk 204. flugsveitin flugbáta af gerðinni Short Sunderland og í upphafi síðari heimsstyrjaldarinnar hóf flugsveitin eftirlitsflug og fylgdarflug með skipalestum ásamt kafbátaleit á svæðinu vestur af Írlandi og Bretlandseyjum. Í apríl 1940 var bækistöð flugsveitarinnar flutt til Sullom Voe á Hjaltlandseyjum þaðan sem flugsveitin hélt uppi eftirlitsflugi við strendur Noregs eftir innrás Þjóðverja í Noregi.



Douglas Helm, einn þeirra manna sem kom í Hábæ

Flugsveitin kemur til Íslands

Ári síðar, þann 5. apríl 1941, flutti hluti flugsveitarinnar til Reykjavíkur þaðan sem flugsveitin hélt áfram kafbátaeftirlitsflugi og fylgdarflugi með skipalestum bandamanna á Norður-Atlantshafi næstu 5 mánuði. Flugsveitin var staðsett í Skerjafirði þar sem þar sem yfirmenn, flugliðar og viðgerðarmenn flugsveitarinnar höfðu aðsetur um borð í þjónustuskipinu HMT Manela og systurskipinu HMT Dumana sem lágu á Skerjafirði. Að jafnaði voru 6 flugbátar flugsveitarinnar staðsettir í Skerjafirði. Þjónustuskipin voru sérstaklega útbúin þannig að hægt var að vinna að viðhaldi við flugbáta flugsveitarinnar frá skipinu.

Aðalstöðvar flugsveitarinnar voru fluttar frá Íslandi þann 15. júlí til Banjul í Gambíu á Vesturströnd Afríku með



Sveinn Pálsson Hábæ faðir Nikulásar



Nikulás Sveinsson



Anna Guðmundsdóttir Kjerúlf Hábæ á Vatnsleysuströnd

tveggja vikna stoppi á Gíbraltar. Hlutverk flugsveitarinnar í Gambíu var áfram að fylgjast með og gera árásir á þýska kafbáta ásamt öðru eftirlitsflugi. Í síðari heimsstyrjöld missti flugsveitin alls 19 Sunderland flugbáta sína án þess þó að ná að sökkva nokkrum kafbáti Öxulveldanna. Flugsveitin var leyst upp þann 30. júní 1945 en endurvakin sem flutninga-flugsveit árið 1947 og það var hlutverk flugsveitarinnar til ársins 1953 þegar flugsveitin var leyst upp og sameinuð 84. flugsveit RAF.

Short Sunderland flugbátarnir

Short Sunderland flugbátarnir voru meðal stærstu flugvéla sem notaðar voru af Bandamönnum í síðari heimsstyrjöld. Upphaflega voru þessir flugbátar sem smíðaðir voru af Short Brothers Ltd í Belfast á Norður-Írlandi notaðir á fjórða áratugnum af Imperial Airways á löngum flugleiðum. Fyrstu flugbátarnir voru Short S23 Sunderland „Empire C class". Flugbátar til hernaðarnota voru síðan smíðaðir skömmu áður en styrjöldin braust út 1939 og kölluðust þá Shorts S25 Sunderland Mk 1. Alls voru um 90 flugbátar af þeirri gerð smíðaðir. Flugbátarnir voru með fjóra 1.065 hestafla Bristol Pegasus XXII hreyfla og með skotturna í nefi á skrokk og í stéli flugbátsins. með alls tíu 7.7 mm vélbyssum. Að auki var ein 12.7 mm vélbyssa á hvorri hlið flugbátsins. Vegna þess hve vel vopnaðir Sunderland flugbátarnir voru reyndust þeir hættulegir árásarflugvélum Þjóðverja sem kölluðu þá flugbátana fljúgandi broddgelti. Einnig gátu flugbátarnir borið allt að 2250 kg af sprengjum. Flestir Sunderland flugbátar voru útbúnir með ASV Mk II radar. Hámarkshraði flugbátanna var 349 km/klst í 5000 feta hæð og gátu flogið allt að 4800 km. Í áhöfn

Til hamingju með daginn sjómenn!

NORTHERN LIGHT INN EST. 1983



Hábær

voru 10 manns. 204. flugsveitin var ein af þrem fyrstu bresku flugsveitum sem fékk flugbáta af þessari gerð.

Sunderland flugbáturinn N9023 ferst

Snemma morguns þann 24. apríl 1941 rakst Sunderland flugbáturinn N9023, sem hafði einkennisstafina KG G, á hlíðar Fagradalsfjalls. Um borð var 10 manna áhöfn og þrír aðrir hermenn. Flugbáturinn var að koma úr fylgdarflugi með skipalest og stefndi til Reykjavíkur. Flugstjórinn, Sq/Leader E. John Prescott fann ekki stefnuna á Reykjavík og snéri því flugbátnum við í stefnu frá Reykjavík. Þoka var og dimmt af nóttu. Þegar flugmaðurinn hafði snúið stefnu flugbátsins stefndi hann á norðausturhorn Fagradalsfjalls en náði ekki að lyfta flugbátnum nægilega mikið þannig að vélin skall á Langhól í Fagradalsfjalli. Við áreksturinn brotnaði flugbáturinn og eldur varð laus. Við áreksturinn er talið að aðstoðarflugmaðurinn P/O James Dewar hafi kastast út um glugga á þaki vélarinnar. James Dewar sýndi mikið áræði þegar hann náði að bjarga flugstjóranum, E. J. Prescott út úr flaki vélarinnar ásamt tveim öðrum úr áhöfn brennandi vélarinnar. Skotfæri og sprengur úr vélinni sprungu í brennandi flakinu. Af þeim 13 mönnum sem um borð slösuðust aðeins 3 lítt eða ekki. Einn úr áhöfninni, Sgt. H.W. Taylor lést við áreksturinn.



Tveir þeirra, AC1 H. J. T. Copping og Sgt. Wilfred Cook létust af sárum sínum tveim dögum síðar og eru jarðsettir í hermannagrafreitnum í Fossvogskirkjugarði ásamt H.W. Taylor. Aðrir í áhöfn vélarinnar voru, F/Lt Huges, Sgt. L.G. James, Sgt. Anthony P. Cusworth, Cpl. W. J. Doddington, AC1. T.C Jennings, AC1 J. Jellfe, CPl. G. E. Jones og Sgt. Douglas Helm.

Leit og björgun áhafnar

Flugbáturinn N9023 kom upphaflega til Reykjavíkur 4. apríl 1941 og hafði farið í 8 eftirlits- eða fylgdarflug frá Reykjavík þegar hann fórst. Flugstjóri í öllum þeim ferðum var F/Lt. J.D. E. Huges. Breskir landhermenn úr 70 Brigade (stórfylki) voru sendir frá Reykjavíkursvæðinu að flakinu um klukkan 11 um morgunin. Í þeim hópi voru þrír yfirmenn, herlæknir og yfir 20 aðrir hermenn ásamt þrem aðstoðarmönnum sem voru sendir á slysstaðinn. Þessi hópur fór stystu leið frá þjóðveginum til Keflavíkur að Fagradalsfjalli yfir úfið og sprungið hraunið. Alls voru um 50 hermenn sendir með merkjalampa og blys og einnig heitt te og „fisk og franskar“, teppi og sjúkrabörur eins og segir í dagbók 70. stórfylkisins. Síðar um daginn var síðan hópur 30 hermanna sendur af stað á vettvang og sá hópur náði á slysstaðinn um kl 11 um kvöldið. Alls hafa því yfir

eitt hundrað hermenn tekið þátt í leit og björgun á slysstað.

Rangfærslur í heimildum

Ósamræmi og rangfærslur eru í breskum og íslenskum heimildum um þennan atburð. Óvenjulegt er einnig að breskar heimildir eru mjög fáorðar um þetta slys og ónákvæmar. Í heimildum breska hersins og nokkrum breskum dagblöðum má lesa frásögn um frægðarför aðstoðarflugmannsins James Dewar þar sem mikið er gert út því að hann hafi gengið til byggða yfir úfið hraun ásamt W. J. Doddington og komið að húsi eða skála þar sem var sími og hringt eftir hjálp til aðalstöðva breska flughersins í Reykjavík. Í frásögn í dagblöðum þar sem vitnað er til heimilda frá breska hernum er einnig sagt að James Dewar hafi síðan sama dag farið með breskum hermönnum og vísað þeim leiðina á slysstaðinn og því hafi hann þrátt fyrir að vera slasaður gengið alls um 45 kílómetra samtalsyfir úfið og erfitt hraun. Í lok árs 1941 var James Dewar heiðraður (George Medal) fyrir frækilega framgöngu við björgun manna úr flaki flugbátsins. Og fáum árum síðar var hann aftur heiðraður með MBE orðu (Member of the Order of the British Empire) fyrir framgöngu sína í þessu flugslysi. En sú orða er aðeins veitt mjög fáum einstaklingum. Breskar heimildir, dagbækur flugsveitarinnar og 70. stórfylkisins nefna aldrei að flestir þeirra sem voru um borð í Sunderland flugbátnum hafi gengið til byggða og komið að Vogum á Vatnsleysuströnd þar sem húsfreyjan á Hábæ veitti þeim aðhlynningu. En við vinnslu þessarar greinar var haft samband við Mark Prescott, son flugstjórans John Prescott og í tölvupósti nefnir Mark að faðir hans hafi sagt að hann ásamt nokkrum félögum sínum hafi gengið



Flak Short Sunderland flugbátsins á Fagradalsfjalli

frá slysstaðnum þangað til þeir komu að húsi þar sem kona hafi gefið þeim kaffi. Einnig hefur Mark Prescott eftir föður sínum að hann hafi verið að skipta um sæti við aðstoðarflugmann sinn þegar árekstur-inn varð og að þeir hafi verið nokkrir sem gengu til byggða„þar sem þeir hittu fyrir konu sem gaf þeim kaffi og nýbakað brauð”. Bobbi Ferguson hefur þá heimild eftir afa sínum, Douglas Helm sem var í áhöfn flugbátsins og einn þeirra sem gekk til byggða að þeir hafi fengið„einstaklega gott og nýbakað brauð og rjómabland” hjá húsmóðurinni á bænum þar sem þeir komu eftir gönguna frá slysstaðnum. Og hann bætti við að þessar góðgerðir voru vel þegnar þar sem þeir voru orðnir glorsoltnir.

Nokkrar íslenskar heimildir eru til um þetta flugslys en flestar eru þær fremur stuttar og við nánari skoðun standast þær illa eða alls ekki. Engin af íslensku heimildunum nefnir þátt Íslendinga í þessu slysi. En nú réttum 80 árum eftir þetta flugslys skrifar Nikulás Sveinsson sem þá var 13 ára og búsettur í Hábæ á Vatnsleysuströnd minningar sínar um þennan atburð. Hér birtist frásögn Nikulásar óbreytt:

Frásögn Nikulásar Sveinssonar

„Ég man eftir þessum atburði í apríl 1941. Hér stikla ég einungis á stóru í frásögninni, en ég var tólf ára þegar þetta gerðist.

Ég var staddur við Vogastapa fyrir utan Voga á Vatnsleysuströnd. Var mér þá litið upp í heiði. Sá ég þar flokk manna, sem komu mér einkennilega fyrir sjónir - sérstaklega vegna höfuðbúnaðar þeirra, en það voru flugmannshúfur með heyrnartólum. Þeir komu auga á mig og komu til mín. Kölluðu þeir „telephone, telephone“og bentu á símastaurana rétt hjá. Þar sem símstöðin á staðnum var á mínu heimili (Hábæ) benti ég þeim á að elta mig heim til mín. Þar stóð mamma mín, Anna Guðmundsdóttir Kjerúlf á





tröppunum og virti flokkinn fyrir sér. Sá hún að margir þeir voru illa slasaðir og sumir alblóðugir. Var hún fljót að hugsa hvað gera skyldi og bauð þeim inn í plásslítil hýbýli okkar. Var ég sendur upp á loft að sækja rúmföt og rífa þau niður í ræmur. Síðan tók mamma til við að binda um sár þeirra - fyrst þeirra, sem verst voru útleiknir. Sagði hún mér að sækja sprittflösku í verslunina, sem pabbi rak. Hellti hún svo sprittinu yfir umbúðirnar við mikil óhljóð þeirra. Erfiðast var að ná húfunni af einum þeirra, en hún var nokkuð föst við höfuðið út af storknuðu blóðinu. Höfuðleðrið vildi fylgja með og varð mamma að nota borðhníf til að halda við það á meðan hún losaði húfuna. Bað mamma mig síðan að sækja kassafjöl og kljúfa hana niður til að búa um handleggsbrot. Hjá okkur var í sumarvist piltur, Egill Hjörvar sem kunni hrafl í ensku. Varð sú kunnátta til að bjarga miklu varðandi samskipti. Ég náði loks eftir mikið bras símasambandi við herstjórn Breta í Reykjavík. Að öllu þessu loknu var engu líkara en að mamma væri að koma frá vinnu í sláturhúsi. Það hafa liðið u.þ.b. tveir klukkutímar frá því ég hringdi að breskir hermenn komu á nokkrum bílum að sækja áhöfnina. Fóru þeir einn af öðrum út í bíl og hver og einn knúsaði mömmu mína innilega fyrir alla hjálpina. Þarna auðsýndu þeir mikið þakklæti. Aldrei var haft samband við mömmu, hvorki af hálfu breska hersins né íslenskra yfirvalda til að þakka fyrir hjúkrunina. Mamma var vön að vinna á blóðvelli heima í æsku í sveitinni og því var henni líklega ekki eins brugðið við að sjá mennina alblóðuga".

Nikulás Sveinsson

Nikulás Sveinsson er fæddur 11. ágúst 1928 í Reykjavík. Foreldrar hans voru Sveinn Pálsson bóndi, kaupmaður og bifreiðastjóri í Hábæ. Kona Sveins og móðir Nikulásar var Anna Guðmundsdóttir Kjerúlf ættuð af Austurlandi. Foreldrar Nikulásar keyptu Hábæ í Vogum á Vatnsleysuströnd árið 1928. Þar rak Sveinn faðir hans verlsunina Hábæ



E. J. Prescott, flugstjóri flugbátsins var í hópnum sem kom í Hábæ.

sem einnig var nefnd verslun Sveins Pálssonar. Hann var samhliða með búskap og var einnig mjólkurbílstjóri. Í Hábæ var símstöð. Heimilið var stórt og gestakomur tíðar. Nikulás Sveinsson lærði rafvirkjun og var frá 1950 og þar í alls 47 ár flugbrautarafvirki hjá Varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Áður hafði hann verið við sveitastörf og sjómennsku. Nikulás var þekktur fjallamaður og meðal þeirra fyrstu sem fór um hálendið á bílum. Hann veitti góðfúslegt leyfi fyrir birtingu greinarinnar sem hann skrifaði um þann atburð þegar hann hitti flugliða Sunderland flugbátsins fyrir 80 árum. Shona Cook aflaði upplýsinga í Bretlandi um áhöfn vélarinnar og sögu þessa flugslyss í skjölum breska flughersins. Einnig eru upplýsinar frá Bobbi R. Ferguson en afi hans Douglas Helm var einn þeirra sem var í áhöfn flugbátsins. Þá er einnig stuðst við upplýsingar frá Mark Prescott, syni flugstjóra flugbátsins og Chris Henry en frændi hans, Anthony P Cusworth var einn þeirra sem björguðust úr slysinu. Nikulási Sveinssyni og öðrum heimildamönnum er hér þökkuð aðstoð við ritun þessarar greinar. Þessi grein birtist upphaflega í tímaritinu Heima er bezt, 6. tbl., 71. árg. 2021. Hér birtist greinin lítillega breytt.

Nikulás Sveinsson lést 8. apríl sl.



Flak flugbátsins á Fagradalsfjalli

FURUNO

brimrun.is furuno.is

Time Zero
Miðpunkturinn í brúnni

NÝTT TZ V5

Ný útgáfa af Timezero, V5 er komin út, með fjölda nýjunga. Þar má nefna nýjan og endurbættan kortagrunn, TZ-Maps, með þéttari dýpislínum og nákvæmari dýpisgrunni.

Með Timezero sameinast mikið magn upplýsinga á einn stað. Hægt er að tengja hin ýmsu jaðartæki við Timezero, s.s. ratsjárloftnet, dýptarmælis-einingu, myndavélar, vindmæli o.fl. Allar þessar upplýsingar er hægt að kalla fram á allt að 3 skjáum sem hægt er að skipta í tvo, þrjá eða fjóra hluta. Þannig verður Timezero gríðarmikil upplýsingaveita til hagræðis og þæginda fyrir skipstjórnarmanninn.

TZ-MAPS: Framúrskarandi tví- og þrívíddar framsetning með þéttari dýpislínum

NÝTT



NÝTT



Í Time Zero má stjórna, birta myndir og safna upplýsingum úr fjölda Furuno dýptarmæla



Brimrún

Fiskislóð 37B – 101 Reykjavík – Sími 5 250 250 – brimrun.is

MAREIND
Grundarfirði
Sími 438 6611

Árið 2023 voru 70 ár síðan fyrirtækið Þorbjörn hf. var stofnað

Við fögnum því með því að reisa þetta listaverk sem við nefnum SALTARANN. Listaverkið er til að heiðra starfsfólkið okkar fyrr og síðar. Það er líka til að heiðra viðskiptavini okkar hér heima og erlendis.

Styttan er tákn afls og áræðis.

Það er spænskur listamaður að nafni Eskerri, sem gerir verkið. Einn af okkar tryggustu viðskiptavinum á Spáni Giraldo í Baskalandi fékk fyrsta verkið og hefur sent okkur áritun, sem er rituð á fótstall styttunnar. Þar segir á spænsku: „Olas Hielo, Sal Sangre entre el Sudor y a final un Tesoro“ sem gæti þýtt á íslensku:

Öldur - Ís - Salt

Blóð í svitanum

Og að lokum fjársjóður

Þar er líka þetta orðatiltæki á basknesku:
“Gure odol gazituaren gogoan” sem gæti þýtt á íslensku:
Í huga okkar salta blóðs

Að skipta yfir í frystitogara ber hæst í sögu Þorbjarnar

Útgerðarfélagið Þorbjörn í Grindavík, fagnar 70 ára afmæli á þessu ári og af því tilefni, var afhjúpað listaverk sem á rætur sínar að rekja til Spánar. Einn af kaupendum á saltfiski frá Þorbirni, staðsettur í Baskahéraði Spánar er með svona listaverk og hafði lengi blundað í Þorbjarnarfólki að fá eins listaverk til Íslands og mátti ekki miklu muna að ekki tækist að frumsýna verkið á Sjómannahelginni, verkið kom ekki til Íslands fyrr en á fimmtudeginum.

Gunnar Tómasson, fór yfir sögu Þorbjarnar og hvernig kom til að þetta verk hefði orðið fyrir valinu. „Þorbjörn hf. var stofnað árið 1953 af Sigurði Magnússyni, Kristni Ólafssyni, Sæmundi Sigurðssyni og föður mínum, Tómasi Þorvaldssyni. Fyrirtækið hefur ávallt verið farsælt og þessi hugmynd, að reisa þetta listaverk hér við höfuðstöðvar okkar, hefur blundað í okkur í u.þ.b. tuttugu ár. Það er spænskur listamaður að nafni Eskerri, sem gerir verkið en einn af okkar tryggustu viðskiptavinum í gegnum tíðina Giraldo, fékk fyrsta verkið og við höfum



Gunnar Tómasson forstjóri Þorbjörns h.f. flytur ávarp



alltaf verið hrifnir af því. Við ákváðum svo í tilefni af þessu 70 ára afmæli, að drífa í að fá verkið til landsins og erum stoltir af því að frumsýna það hér í dag," segir Gunnar.

Úr bátaútgerð í frystitogara

Gunnar skautaði aðeins yfir hvað ber hæst í sögu Þorbjarnar. „Hvað mig snertir þá eru helstu tímamótin þegar við færum okkur úr bátaútgerð yfir í togarana árið 1988 og í framhaldinu yfir í frystitogara. Það er ákveðinn vendipunktur í okkar sögu og stuttu síðar sameinuðumst við öðrum fyrirtækjum og stækkuðum þar með. Þegar ég horfi tíu ár fram í tímann þá mun Þorbjörn vonandi verða orðið ennþá stærra og öflugra fyrirtæki. Við höfum alltaf verið farsæl, ekki síst vegna þeirra frábæru starfsmanna sem við höfum alltaf haft, hvort sem er í landi eða á sjó. Við eigum okkar starfsfólki mikið að þakka," sagði Gunnar að lokum.



Systkinin Stefán, Gerður Sigríður og Gunnar Tómasarbörn









Minning
Ekasit Thasaphong

Fæddur 8. ágúst 1980 - Dáinn 3. desember 2022

Ekasit Thasaphong frá Grindavík. Fæddur þann 8 ágúst 1980 í Tælandi, fórst af slysförum þann 3. desember 2022

Móðir hans er Phenkea fædd 1962 og faðir, Khamlai hann lést 2020.

Ekasit var næstelstur af fjórum systkynum. Elst er Wharaphorn fædd 1979, Rungrit 1983 og yngstur Lttiphong 1998.

Ekasit flutti til Íslands 1998 og hóf þá fljótlega störf í Vísi h/f í fiskvinnslunni.

Ekasit kynnist konu sinni Ingu Björgu Símonardóttur við störfin í Vísi og hófu þau sambúð um aldamótin 1999 – 2000.

Eignuðust þau þrjú börn, elstur er Símon Logi fæddur 2001, Júlía Ruth 2003 og Björgvin Máni 2012.

Ekasit er fljótlega kominn á sjó, hann byrjaði á Grindvíkingi GK 606 sem gerður var út af Fiskanesi h/f.

Sjómannstarfið varð hans ævistarf, hann var mest allan þann tíma hjá Vísi h/f og réri á Sighvati GK 57.



Á árunum 2014 fram að áramótum 2017 er hann skipverji á Önnu EA 305 í útgerð Samherja á Akureyri.

Ekasit byrjar svo aftur á Sighvati GK 57 í upphafi árs 2017 og starfar þar fram að dánarstundu.

Ekasit var félagi í Sjómanna og vélstjórafélagi Grindavíkur í rúm 22 ár.

Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur minnist Ekasit með hlýhug og vottar fjölskyldu, ættingjum og aðstandendum öllum innilegrar samúðar.

Blessuð sé minning hans.



Ljósm. Jón Steinar

Minning

Halldór Einarsson frá Ásgarði

Fæddur 15. apríl 1951 - Dáinn 8. febrúar 2024

Fæddur þann 15 apríl 1951 í Ásgarði í Grindavík - Dáinn þann 8. febrúar 2024

Foreldrar hans voru Einar Dagbjartsson útgerðarmaður frá Ásgarði og Laufey Guðjónsdóttir frá Höfn í Vestmannaeyjum.

Systir Halldórs er Kolbrún, en látnir eru bræðurnir Dagbjartur og Guðjón.

Eftirlifandi eiginkona Halldórs er Sigurlaug Sigurðardóttir og eignuðust þau tvö börn Sólveigu og Sigurð, barnabörnin eru orðin þrjú.

Halldór ólst upp í Ásgarði og gekk í grunnskóla Grindavíkur, snemma beygðist krókurinn. Halldór fór snemma að taka til hendinni á stóru útgerðarheimili, og sýsla í veiðarfærahúsinu.

Hann var kominn á sjóinn 16 ára gamall upp á hálfan hlut á Geirfuglinn GK 66, hann er svo farinn að róa á hinum ýmsu bátum sem ýmist voru í eigu föður hans eða frænda, m.a. Ólaf GK, Kára GK ofl.

Við tók sjómennska á Gauk GK og



Grindvíking GK, var um skeið á Þorbjarnarbátum, ma. Hrafni Sveinbjarnarsyni GK.

Halldór reri með Þórarni Ólafssyni á Albert GK, á síld og loðnu og var um tíma háseti á minnsta loðnubáti við Íslandsstrendur á Kára GK með Óskari Gíslasyni.

Jöfnum höndum vann Halldór við veiðarfæragerð hjá Fiskanesi á milli úthalda. Hann lauk sínum sjómannsferli á Skarfinum GK, árið 1996.

Er í land var komið starfaði Halldór við veiðarfæragerð í Fiskanesi h/f við sameiningu við Þorbjörn h/f árið 2000 færði hann sig um set og starfaði hjá Veiðarfæraþjónustunni h/f .

Hann lauk sinni starfsævi hjá Kölku h/f um áramótin 2021-22.

Halldór var heiðraður af Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur á Sjómannadag 2023.

Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur minnist Halldórs með hlýhug og vottar fjölskyldu og aðstandendum samúðar.

Blessuð sé minning hans.





Björgunarvesti með ljósi og neyðarsendi bjarga mannslífum.
Venjum okkur á að vera alltaf í vestunum við vinnu okkar á sjó.

Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið
Siglingaráð

Samgöngustofa

Hugleiðing á sjómannadag



Því þótt fjöllin bifist og hæðirnar haggist mun kærleikur minn til þín ekki bifast og friðarsáttmáli minn ekki haggast, segir Drottinn (Jesaja.54)

Grindvíkingar standa á tímamótum, margt sem bærist innra með okkur. Samfélagið sem við áttum er ekki lengur til.

Hugurinn glímir við þversagnirnar sem lífið færir okkur, fela í sér sorg og gleði, hugurinn sveiflast á milli vonar og væntingar, óvissu og áhyggna. Það er auðvitað misjafnt hvernig áföll fara með okkur, hvernig við tökumst á við þau.

Dagarnir eru misjafnir það finnum við það er áskorun í því fólgin að finna sér leiðir til að minnka skaðann. Þ.e.a.s. skaðann sem kvíði, áhyggjur og óvissa valda.

En máltækið segir, þegar að einar dyr lokast þá opnast aðrar. Lifið heldur áfram, dagarnir koma og fara og mánuðir líða.

Líklega spyrjum við okkur flest, hvað fær mig til að horfa fram á veginn, hvar er mín von?

Jesaja spámaður talar um að kærleikur og friður drottins sé með okkur hvert sem leið okkar liggur. En vonina er ekki síður að finna í samfélagi fjölskyldna og vina þar sem við styðjum hvert annað, skiljum hvert annað, eigum sameiginlega reynslu, þurfum öll að yfirgefa heimili okkar.

Kærleiksböndin sem við höfum ofið með fjölskyldunni, vinunum og samfélaginu sem við lifðum og hrærðumst í, nærir okkur og færir okkur von til að horfa til framtíðar.

Þó svo að samfélagið breytist, þá sköpum við ný tengsl hvar sem við erum og hvert sem við förum.

Veganesti Grindvíkinga felur í sér að byggja upp, horfa til framtíðar, virkja styrkinn og kraftinn, bera hann með okkur hvert sem við förum og nýta til góðs.

Ég býst við að flest vonumst við til að geta snúið til baka til Grindavíkur. Það er líka nauðsynlegt að sjá það fyrir sér og halda í vonina, en um leið að leitast til við að búa sér öruggt skjól fyrir fjölskylduna hvar sem hún er niður komin.

Eitt útilokar ekki annað og öll þurfum við að finna okkar takt sem færir okkur innri frið og sátt, er það fosenda þess að öðlast skýra sýn á raunveruleikann hverju sinni. Þá mun innsæið færa okkur valkosti, að við eigum alltaf val, þurfum bara að koma auga á það.

Sjómannadagurinn verður með öðrum hætti þetta árið, það er þó mikilvægast að halda í hefðirnar og gera sér glaðan dag og hittast.

Sjómanndagsmessan verður í Vídalínskirkju í Garðabæ. Á laugardaginum verður lagður blómsveigur við Von sem er minnismerki drukknaðara manna í Grindavík.

Gott er að halda í hefðirnar, rætur okkar liggja m.a. þar rætur sem eru djúpar og sterkar fela í sér samkennd, samstöðu og hjálpsemi

Grindavíkurkirkja stendur heil og óskemmd, Guði sé lof fyrir það. Vonandi horfum við fram til þess að geta boðið upp á samverustundir í kirkjunni hlustað á orgelið og sungið saman.

Páll postuli minnir okkur á að vonin verður til af glímunni við þá reynslu sem lífið færir okkur

Dag í senn, eitt andartak í einu,
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,
þegar Guð minn fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni
minna daga skammti af sæld og þraut,
sér til þess, að færa leið ég finni
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærri,
heilög elska, viska, föðurnáð.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg, að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum
frið og styrk, sem ekkert buga má.
Auk mér trú og haltu huga mínum
helgum lífsins vegi þínum á,
svo að ég af hjartaþeli hreinu,
hvað sem mætir, geti átt með þér
daginn hvern, eitt andartak í einu,
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

Sigurbjörn Einarsson / Lína Sandell-Berg / Oskar Ahnfelt

Ég óska sjómönnum fjölskyldum þeirra ásamt öllum Grindvíkingum til hamingju með daginn og bið ykkur Guðsblessunar í leik og starfi.

Elínborg Gísladóttir, sóknarprestur í Grindavík.

Karl Smári Hreinsson:

Í fótspor sjóræningja Tyrkjaránsins 1627



Adam Nichols og Abdelkadel Benaly



Abdelkadel Benaly við Tyrkjaránsbyrgi á Reykjanesskaga

Dagana 9. til 11. júní á síðasta ári (2023) komu fjórir hollenskir kvikmyndagerðarmenn á vegum hollenska ríkissjónvarpsins til Grindavíkur til að vinna að gerð þáttaraðar um foringja Tyrkjaránsmanna sem rændu fólki í Grindavík árið 1627.

Sjóræningjar sigla til Íslands 1627

Upphafið að þessu verkefni má rekja til þess að Hollendingar hafa fengið aukinn áhuga á þátt sínum í sjóránum og siglingum á sautjándu öld þegar þeir voru ein fremsta siglingaþjóð heims. Nú er hollenska ríkissjónvarpið að vinna að fjögurra þátta heimildamyndröð um einn þekktasta sjóræningja sautjándu aldar, sem var Hollendingur að nafni Jan Janszoon van Harlem sem síðar tók upp nafnið Morað Reis eftir að hann snérist til Múhameðstrúar og hóf að stunda sjórán frá borginni Salé í Marokkó í á vesturströnd Afríku. Árið 1627 réðst



Sjónvarpsmenn undirbúa viðtal við Adam Nichols í Árbæjarsafni



Viðtal við Karl Smára Hreinsson rithöfund







Hollendingar við tökur í Grindavík

Jan Janszoon til langferða, alla leið að ströndum Íslands þar sem hann tók land í Grindavík og rændi þar nokkrum tugum manna. Margt af þessu fólki var frá Járngerðarstöðum í Grindavík þar á meðal Guðrún Jónsdóttir og tveir bræður hennar Halldór og Jón. Einnig þrír synir hennar, Jón, Helgi og Héðinn. Tvo bræður Guðrúnar drápu Tyrkir eins og þeir hafa verið kallaðir af Íslendingum þótt fæstir þeirra hafi verið Tyrkir. Guðrún og bróðir hennar Halldór voru keypt úr ánauð og komu til Íslands aðeins ári eftir að þeim var rænt. Tíu árum síðar var Helgi sonur Guðrúnar keyptur úr ánauð og kom til Íslands. Járngerðarstaðaætt sem er mjög fjölmenn rekur upphaf sitt til þessa fólks sem þá bjó á Járngerðarstöðum.

Hollendingar fljúga til Íslands 2023

Hollenska kvikmyndateymið undir stjórn Marcel Goedhard dvaldi í nokkra daga á Íslandi við tökur í Grindavík og tók viðtöl við fólk sem ýmist þekkir þessa sögu vel eða eru afkomendur Járngerðarstaðafólksins. Heimildaþættirnir verða alls fjórir. Sögumaður og aðalhandritshöfundur er Abdelkader Benali, þekktur rithöfundur sem fæddist í Marokkó árið 1975 en flutti til Hollands árið 1979. Hann lauk prófi í sagnfræði við háskóla í Hollandi þar sem hann er búsettur. Abdelkader er höfundur fjölmargra bóka um margvísleg efni og hefur einnig fengist við aðrar listgreinar. Saga hans er á vissan hátt spegilmynd af ævi sjóræningjans Jan Janszoon, hann nemur land í Hollandi og gerist frægur rithöfundur en er þrátt fyrir allt aðkomumaður í framandi menningu Hollands líkt og Jan Janszoon var í Marokkó.

Sagan gleymist ekki - Járngerðarstaðamenn

Það er áhugavert að vita til þess að margir afkomenda Járngerðarfólksins hafa og vilja halda á lofti þessari sögu

sem allt of lítið hefur verið fjallað um. Fyrir nokkrum árum kom út bók á ensku um Tyrkjaránið í Grindavík sem ber titilinn; Northern Captives – The story of the Barbary Corsair Raid on Grindavík in 1627 eftir Adam Nichols og Karl Smára Hreinsson. Þessi bók varð til þess að vekja áhuga Hollendinga á þessari sögu. Þess má geta að það var fyrir tilstilli og hvatningu Halls Gunnarssonar formanns Minja- og sögufélags Grindavíkur að bókin var skrifuð og gefin út með ríflegum styrk frá Grindavíkurbæ. Einnig hefur Adam Nichols sem er prófessor við Marylandháskóla í Bandaríkjunum unnið í mörg ár að bók um Jan Janzoon van Harlem og er einn helsti sérfræðingur nútímans í sögu hans. Þáttur Adams er stór í þessum heimildaþáttum þar sem hann er einn aðalsögumanna og kemur fram í öllum fjórum þáttunum. Þessir sjónvarpsþættir voru sýndir í hollenska ríkissjónvarpinu í febrúar og mars á þessu ári við góðar undirtektir og hugsanlega verða þeir sýndir á RÚV síðar.



Járngerðarstaðabæirnir









Á síðasta ári kom út fjórða og síðasta bókin í bókaflokk um Tyrkjaránið á Íslandi árið 1627. Sömu höfundar hafa skrifað allar bækurnar sem eru á ensku. Þessar bækur eru ítarlegasta efni sem gefið hefur verið út um Tyrkjaránið 1627. Bækurnar hafa verið þýddar á nokkur erlend mál.

Fyrsta bókin í þessari ritröð var Northern Captives,(2020) sem fjallar um Tyrkjaránið í Grindavík. Bókin hefur nú verið þýdd og kom út á ítölsku á síðasta ári. Önnur bókin er Stolen Lives,(2021) sem fjallar um Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum. Bókin er væntanleg í ítalskri þýðingu síðar á þessu ári. Þriðja bókin er Enslaved (2022) og fjallar um Tyrkjaránið á Austfjörðum en lítið sem ekkert hefur verið skrifað um þá atburði. Síðasta bókin er Turbulent Times (2023) og fjallar um Ísland á siðaskiptaöld frá 1550-1630, Skálholtsstað og þátt Skálholtsskóla í að skrásetja og varðveita sögur og sagnir um Tyrkjaránið.

Áður höfðu sömu höfundar þýtt og gefið út Reisubók séra Ólafs Egilssonar sem er ein besta heimild sem til er um Tyrkjaránið á Íslandi. Sú bók hefur nú verið þýdd og gefin úr á hollensku, grísku og frönsku.

ALLT

FASTEIGNASALA

Reykjanesbæ - Grindavík - Mosfellsbæ

VERTU Í SAMBANDI

Páll Þorbjörnsson Löggiltur fasteignasali - eigandi

Netfang - pall@allt.is Sími - 560-5501

FISKELDISTÆKNI

Fiskeldstækni er hagnýtt nám í fiskeldi á framhaldsskólastigi hjá Fisktækniskóla Íslands, hannað í samstarfi við Háskólann á Hólum og fyrirtæki í greininni.

Námið er kennt í lotum svo hægt er að stunda það með vinnu.

Námslok eru á þriðja hæfniþrepi.
Hægt er að taka námið frá grunni og byrja þá á Fisktækninámi en fyrri menntun (s.s. stúdentspróf/annað), reynsla og þekking úr sjávarútvegi og fiskeldi fást metin.

FISKTÆKNISKÓLINN
ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

Vikurbraut 56 | 204 Grindavík | S:412-5966 | info@fiskt.is



ÍSFELL

Ísfell óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með sjómannadaginn





Nútímalegur og sportlegur rafbíll með allt að 528 km drægni. Með ofurhröðum hleðslutíma tekur einungis 18 mínútur að hlaða hann úr 10% í 80%.

Komdu og reynsluaktu nýjum Kia EV6 hjá okkur í K.Steinarssyni, Njarðarbraut 15, 260 Reykjanesbæ.

Við tökum vel á móti þér.

7 ÁRA ÁBYRGÐ KIA*
LOFORÐ UM GÆÐI

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánari upplýsingar askja.is/hledslulausnir

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.



ICETUGS
EXPLORER

SKIPAÞJÓNUSTA
ÍSLANDS ehf.



Vörusala | Skipavöktun | Málningarvinna | Háþrýstiþvottur | Tankahreinsun | Dælubílar | Kranabílar

S. 561-7580 - www.skipa.is - skipa@skipa.is - Grandagarði 18 - 101 - Reykjavík

Til hamingju með sjómannadaginn

Hetjur hafsins!



Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Óhappið sást úr kíki í heimahúsi

- Sambærileg björgun hjá afa skipstjórans - rúmum þrjátíu árum fyrr

21. mars árið 1992 er dagur sem rennur áhöfnunum á Ólafi GK-33 og Ársæli Sigurðssyni HF-80 seint úr minni. Ólafur hafði komið úr róðri tuttugu mínútum fyrr og var að ljúka löndun þegar Hafsteinn Sæmundsson, fyrrum skipstjóri kom askvaðandi niður á bryggju og tilkynnti Eiríki Dagbjartssyni, skipstjóra á Ólafi, að bátur hefði farið á hvolf í innsiglingunni að Grindavíkurhöfn. Eiríkur og áhöfn hans ruku strax af stað og tókst að bjarga öllum áhafnarmeðlimum Ársæls Sigurðssonar. Blaðamaður tók hús á Eiríki, Óskari Sævarssyni, sem var stýrimaður á Ólafi, og Viðari Sæmundssyni, sem var skipstjóri á Ársæli og var síðastur dreginn upp úr ísköldum sjónum.

Eiríkur man þetta eins og hafi gerst í gær. „Ég var nýbyrjaður sem skipstjóri á þessum tíma, hafði tekið við stjórninni um áramótin svo mín reynsla sem skipstjóri var ekki mikil, ég hafði þó eitthvað aðeins leyst af á rækju yfir sumartímann fyrir vestan. Ég man að við rérum mikið í janúar á línu, komumst nánast ekkert út í febrúar og vorum búnir að skipta yfir á net á þessum tíma þegar þetta sjóslys varð. Við vorum á leið í helgarfrí, höfðum tekið netin upp og vorum í landi um hádegi þennan laugardag. Það var algjör brakandi blíða þennan dag en þegar leið á morguninn fundum við hvernig fór að þykkna í báru, það var bræla suður í hafi sem sendi öldurnar að Íslandsströndum, þetta var oft kallað „norðanáttarbrim“. Eins bætti ekki úr skák að það var stórstraumsfjara þegar þetta gerðist. Ég man að ég var ósáttur við sjálfan mig þegar við komum inn sundið því það kom hryggur undir bátinn og við fórum á talsverða ferð undan öldunni og þetta kom mér á óvart, ég átti að vera tilbúinn. Strákarnir voru þarna úti á dekki, að ganga frá netum og gera klárt fyrir löndun. Ég kallaði í talstöðina og lét skipstjórann á Eldhamri vita að það væri farið að hryggja á sundinu. Við vorum svo búnir að landa og vorum að hífa tóm kör niður í lestina þegar Hafsteinn Sæmundsson kom askvaðandi og sagði mér að báti hefði hvolft í innsiglingunni. Hafsteinn hafði verið heima hjá sér með kíki að skoða þegar bátar voru að koma inn og sá óhappið, hann sagði konunni sinni að hringja í lögregluna og brunaði svo niður á bryggju. Við vorum að keyra í springinn, áttum að færa okkur eftir löndun og Hafsteinn sleppti og við drifum okkur. Ég kallaði á strák-



Áhöfnin á Ársæli Sigurðssyni HF 80. Frá vinstri: Ingibergur Hafsteinsson, Viðar Sæmundsson, Guðni Einarsson, Björgvin Sigurðsson og Eysteinnn Orri Illugason



ana neðan úr lest, sagði þeim að loka lestarlúgunni og svo drifum við okkur út. Það var stórstraumsfjara og fljótlega sáum við belgi og baujur auk neta, færa og kaðla, báturinn var sokkinn. Sem betur fer fengum við nokkuð sléttan sjó þegar að við komum út, það er alltaf þannig í svona brimum að það eru lög og ólög, þeir á Ársæli voru óheppnir að lenda í ólagi en þegar við komum út var tiltölulega kyrr sjór.“

Handahreyfingar frá stefni

Óskar Sævarsson var stýrimaður á Ólafi þegar þetta gerðist. Hann fór strax fram í stefni til að skoða aðstæður í sjónum en ef Ólafur hefði siglt inn í netadræsu,





Eiríkur Dagbjartsson



Óskar Sævarsson



Viðar Sæmundsson

færi eða eitthvað annað, er nokkuð ljóst að skrúfan hefði stöðvast og þar með hefðu örlög Ólafs GK verið ráðin. „Við sáum að þetta hafði gerst á snúningnum svokallaða á sundinu, þar sem bátar og skip þurftu að beygja á merkjum. Ég fór beint fram í stefni til að sjá hvernig aðstæður væru í sjónum en hann var fullur af netum, færum og öðru. Ég gaf handabendingar til hægri eða vinstri eftir því sem við átti og Eiríkur gat stýrt bátnum þar til við vorum komnir að fyrsta skipsbrotsmanninum sem var kominn aðeins frá hinum sem héldu sér í knippi af belgjum og baujum. Við náðum þeim fyrsta nokkuð auðveldlega upp, komumst svo nær hinum og gátum kastað til þeirra færi, vorum nokkuð nálægt þeim og tókst nokkuð vel að ná þeim upp. Mér er minnisstætt þegar Olgeir skipsfélagi minn var búinn að ná taki á einum þeirra sem vissi að hann væri í einhverri yfirvigt og sagði eitthvað á þessa leið; „Þú nærð mér aldrei upp.“ Olli var fljótur að svara; „Ég er búinn að ná taki á þér, ég sleppi þér ekki!“ Svona náðum við þeim einum af öðrum úr sjónum en Viðar Sæmundsson skipstjóri var eftir. Við köstuðum til hans bjarghring eða færi, ég man það ekki alveg en hann var greinilega orðinn mjög þrekaður. Hann hélt dauðahaldi í belg en sleppti svo loksins og tók í lífsbjörgina og við komum honum um borð til okkar. Hann ætlaði ekki að vilja sleppa takinu á því sem við köstuðum til hans og ég var með hann í fanginu þar til við komum í land. Hann var búinn að gleypa mikið af sjó og mér fannst hann detta inn og út og alltaf þegar mér fannst hann vera að missa meðvitund tók ég þéttingsfast utan um hann. Það var mikið af fólki komið á bryggjuna, sjúkrabíll kominn á staðinn en allir skipbrotsmennirnir komust að sjálfsdáðun úr bátnum. Við áttum eftir að hífa netin um borð og ganga frá, það var helgarfrí framundan og líklega áttuðum við okkur ekkert almennilega á þessu afreki. Ég man eftir okkur niðri í lúkar þegar allt var búið og menn sögðu svo sem ekki margt. Við mættum svo ef ég man rétt, kvöldið eftir til að leggja netin og lífið hélt áfram sinn vanagang,“ sagði Óskar.







Ólafur GK-33

Kalt í sjónum

Viðar Sæmundsson var eigandi Ársæls Sigurðssonar og skipstjóri. Hann hafði aldrei lent í öðru eins og man atburðinn vel. „Þetta voru ótrúlegar aðstæður, algert dúnalogn en þó var smá undiralda en ekki þannig að maður gæti ímyndað sér hvað væri í aðsigi. Það var nýbúið að endurnýja brúna á bátnum og við vorum þrír í henni og tveir voru fram í lúkari að gera sig klára. Björgvin Sigurðsson, háseti sem var í brúnni með okkur Guðna Einarssyni vélstjóra, sá í glugganum aftan á stýrishúsinu, að stór alda var að myndast og varaði mig við en það skipti engum sköpum, við tókumst nánast á loft og náðum eflaust 15-20 sjómílna hraða ofan á öldunni. Báturinn snerist á bakborða og við lögðumst á stjórnborðshliðina. Ég man hversu skrýtið hljóðið var þegar vélin stöðvaðist en þarna erum við þrír í einhvern tíma á meðan sjórinn flæddi inn en Guðni var nýlega búinn að smyrja tessana á neyðarglugga sem var bakborðsmegin, því var auðvelt að opna hann og koma okkur þaðan út. Ingibergur Hafsteinsson sem var kokkur og Eysteinn Orri Illugason stýrimaður, náðu strax að koma sér upp á kjölinn



að framan og þangað fikruðum við þremenningarnir okkur. Báturinn sökk fljótlega en þá kom björgunarbáturinn upp hálfblásinn. Við gátum haldið okkur í hann, einhverjir komust ofan í hann en hann marraði þó í kafi, hinir héngu utan á honum. Í minningunni var biðin löng eftir því að björgun myndi berast, maður vonaði auðvitað að einhver hefði séð óhappið og það var mikil gleði að sjá Ólaf koma siglandi í áttina að okkur. Eiríkur og hans áhöfn stóðu sig ótrúlega vel í þessum aðstæðum, það er hálf ótrúlegt að þeir skyldu ekki fá neitt í skrúfuna og það tók ekki langan tíma að tína bátsfélaga mína einn af öðrum upp úr ísköldum sjónum. Ég var orðinn ansi þrekaður, var búinn að gleypa talsvert af sjó og var búinn að vera í honum í einhverjar tuttugu og fimm mínútur. Líkamshitinn á mér var kominn niður fyrir 30 gráður. Ég lagðist inn á sjúkrahús og þá kom í ljós að tvær kransæðar voru orðnar stíflaðar og hugsanlega fékk ég vægt hjartaáfall þennan örlagaríka dag. Hugsanlega varð þetta mín lífsbjörg því kannski hefði þessi kransæðastífla ekki komið í ljós ef ég hefði ekki verið fluttur á sjúkrahús. Ég fór aftur í þræðingu árið 2014 og er við hestaheilsu í dag. Ég keypti annan bát um haustið þetta ár 1992 en í dag stunda ég strandveiði af krafti og ætla mér að stunda sjóinn um ókomin ár. Ég og mínir bátsfélagar vorum og erum afskaplega þakklátir Hafsteini sem sá óhappið, Eiríki og hans áhöfn. Við hefðum líklega allir látið lífið þennan örlagaríka dag ef þeirra hefði ekki notið við," sagði Viðar sem er orðinn 77 ára gamall.

Afi Eiríks bjargaði líka mönnum

Áhöfn Ólafs GK-33 samanstóð af fyrrnefndum Eiríki og Óskari, Olgeiri Andréssyni kokki, Færeyingnum Nikulás Leo vélstjóra og hásetanum Finnboga (föðurnafn ekki vitað). Þeir voru heiðraðir á Sjómannadeginum þetta ár 1992, Eiríkur Óli verður yfirleitt meyr þegar hann rifjar atburðinn upp. „Ég gleymi líklega aldrei þessari tilfinningu þegar við vorum komnir öruggir í höfn, nýbúnir að bjarga fimm mannslífum. Ég verð alltaf hálf meyr þegar ég rifja þetta upp og eins þegar ég hitti mennina sem við björguðum. Þetta er ansi stór og mikil tilfinning, að eiga þátt í að bjarga mannslífi. Gömlu karlarnir, skipstjórar sögðu mér á sínum tíma, að þetta myndi hjálpa mér á mínum skipstjórnarferli, ég er ekki frá því að eitthvað sé til í því, mér tókst alltaf að vera farsæll. Það er líka gaman frá því að segja að föðurafi minn, Einar Dagbjartsson tók líka þátt í björgun sem skipstjóri, einnig á bát sem hét Ólafur. Afi keypti bátinn ásamt bróður sínum og öðrum og þeir skírðu hann í höfuðið á Ólafi Thors. Annan febrúar 1961, fórst Arnartindur við mjög svipaðar aðstæður og þær sem við lentum í, þeir voru þrír um borð í Arnartindi. Afi og þeir um borð í Ólafi fóru strax út og náðu að bjarga einum en tveir voru taldir af, presturinn var meira að segja búinn að tilkynna eiginkonu annars þeirra að maðurinn hennar hefði farist í sjóslysi. Sá hinn sami kom hins vegar syndandi í land nokkru síðar en hann þóttist sjá hvað verða vildi, fór niður í lúkar og fór í björgunarvesti, sagan segir meira að segja að hann hafi farið í tvö vesti. Svo beið hann einfaldlega niðri og þegar sjórinn var við það að fylla lúkarinn, spyrnti hann sér út og hóf sund til lands. Honum var svo bjargað þegar hann var kominn langleiðina inn í rennuna sem er innsti hluti innsiglingarinnar," sagði Eiríkur að lokum.




Sendum sjómönnum, fiskvinnslufólki og öðrum Grindvíkingum
hamingju- og heillaóskir
á sjómannadaginn
2999
DÚDDI GÍSLA GK-48
CLEOPATRA FISHERMAN 40BB
TREFJAR
FPT
DOOSAN
BESA ehf
Bakkalág 17, 240 Grindavík
Sími 893 9713 / 898 8813
besaehf@gmail.com


Gleðilega
hátíð
sjómenn
Við erum betri saman



Sjómannadagurinn 2024

Sjómenn, til hamingju!

VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn.

VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna
www.vm.is

Sendum sjómönnum,
fiskvinnslufólki og öðrum
Grindvíkingum
hamingju- og heillaóskir
á sjómannadaginn



Stakkavík ehf

Fiskvinnsla

Bakkalág 15 b. • 240 Grindavík • Iceland
Sími: 420 8000 • Fax: 420 8001 • stakkavik@stakkavik.is

Sendum sjómönnum, fiskvinnslufólki

og öðrum Grindvíkingum hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn





Frumkvöðlar í skipahönnun

NAUTIC

Turnahvarfi 8
203 Kópavogi
Sími 5 400 515
nautic@nautic.is

nautic.is



Aðalgeir Johansen flytur Grindavíkurkróníku við undirleik Ólafs Þ. Þorgeirssonar

Glettnar og bráðlifandi svipmyndir af grindvísku mannlífi og menningu

Grindavíkurblús er mikil bók og stór í sniðum, tæpar 400 blaðsíður og merkileg á fleiri en einn hátt. Hún er nefnilega allt í senn alþýðleg atvinnusaga, aldarfarslýsing, og litrík frásögn um mannlíf og menningu á sjó og landi. Bókin er bráðspennandi á köflum og inn á milli er ljóðum og ljóðbrotum íslenskra góðskálda tvinnað saman við frásögnina og miðla henni björtum menningarblæ. Höfundurinn vill með engu móti kenna bók sína við sagnfræði, sjálfsævisögulegar svipmyndir eða endurminningar. Hann segir strax í upphafi bókar: „Þessi bók er ekki sagnfræðirit. Hún er meira og minna byggð á flökkusögum og hreinum hugarburði. Kannski meira og minna haugalygi, en það eru þó punktar inn á milli sem gætu verið til fróðleiks og vonandi skemmtunar.“



Sprelllifandi mannlífsmyndir

Viðfangsefni bókarinnar er viðburðarmikill tími í nýrri sögu Grindavíkur á sviði sjómennsku, íþrótta, stórmerkra Grindvíkinga og daglegra viðburða í sjávarplássinu góða. Brugðið er upp glettnum og sprelllifandi svipmyndum af mannlífi og menningu í Grindavík. Bókin er skrifuð undir dulnefninu melurinn. Það er ekkert nýtt að íslenskir rithöfundar grípi til þess að gefa út bækur undir dulnefni en eiga þá á hættu að missa rétt á greiðslum úr bókasafnssjóði rithöfundasambandsins. Melurinn hefur litlar áhyggjur af þessu. Hann er velþekktur sagnaþulur í sínum heimabæ og víðar á Suðurnesjum og hefur um langt árabil skrifað bráðskemmtilega pistla undir þessu nafni í grindvísk blöð og tímarit, þar á meðal Sjómannadagsblaðið. Hann er maður hógvær og lítillátur, meinilla við að nafni hans sé haldið á lofti á opinberum vettvangi, en íslensk útgáfulög og almenn kurteisi gera kröfu til þess að bókarhöfundar séu nafngreindir í ritum sínum. Bókarkápan er prýdd glæsilegri mynd af melnum með gítar í hönd á grindvískum veitingastað og ljósmyndar-

Ferðalagið til Grindavíkur var ávallt sveipað töfrakenndum blæ

Grindavík liggur fyrir opnu úthafi, einangrað af óblíðum náttúruöflum með hraun og mosagróin setlög á alla vegu. Brimið skellur nær óbrotið á landinu, víðáttan um úfið hraunið er dramatísk ásýndar og sveipað einhverri dulúð þar sem handan formfagurra fjalla er svipfagur bær við gjöfulan, en óblíðan sjó. Sú ásýnd gleymist seint og margir hafa sterkar taugar til Grindavíkur.

Í BA-ritgerð sinni í þjóðfræði sem nefnist „Að fara suður syðra. Hlutverk sagnamenningar frá örófi til endaloka árabátaaldarinnar í verstöðinni Grindavík“ segir Guðmundur D. Hermannsson meðal annars:

„Sá maður sem hefur vakið mestan áhuga á Grindavík fyrir mér er föðurafi minn, Guðmundur Kristjánsson. Hann var borinn og barnfæddur Grindvíkingur og þekkti þar hverja einustu þúfu. Hann fæddist árið 1928 og lést árið 2007 og lifði mikla breytingartíma í sögu Grindavíkur. Ég var ekki eldri en tveggja ára þegar ég fór fyrst þangað í rútu og afi sótti mig á Stapanum, sem er við gatnamót Reykjanesbrautar og Grindavíkurvegar.

Ferðalagið til Grindavíkur var ávallt sveipað töfrakenndum blæ. Uppáhaldsleiðin mín til Grindavíkur var hinsvegar Krýsuvíkurleiðin en þá er keyrt frá Hafnarfirði til Krýsuvíkur og þaðan til Grindavíkur. Leiðin var einstaklega hlykkjótt og hæðótt og margt um að litast. Í Grindavík var alltaf ævintýralegt að fara á rúntinn og oftar en ekki, vissi maður ekki, hvert ferðinni var heitið. Mig tók undran hvernig hægt væri að muna öll þessi örnefni og frásagnir um fyrri tíma og hvernig sjósóknin og náttúröflin höfðu mótað lifnaðarhætti mannfólksins á þessum stað. Einn af áhrifamesta rúntinum var að keyra Hópsnesið. Þar er að finna stærðarinnar skip sem sjórinn hefur rifið í tvo helminga og skilað þeim svo tilbaka í töluverðri fjarlægð frá hvorum öðrum. Þar hafa mörg skip farist og þar er að finna skilti eftir veginum um skip í háska, svona nokkurn veginn eins og skipakirkjugarður. Vegurinn hélt áfram til Þórkötlustaðahverfis. Þar er að finna töluvert af rústum húsa sem minna á áður blómlegt líf í hverfinu, áður en hafnargerð hófst í Járngerðarstaðahverfi en byggðin fluttist að mestu þangað í kjölfarið. Það voru þessir rúntar sem lögðu grunninn að áhuga mínum á efnisvalinu og óhætt er að segja, að án þeirra hefði þessi ritgerð ekki orðið að veruleika. Þótt að hér hafi verið nefnt að Grindavík hafi verið einangruð af válegum náttúruöflum var Grindavík síður en svo einangrað byggðarlag. Sagnir tengdar Grindavík gefa til kynna að menningarstraumar hafi komið víða að sem nánar verður fjallað um síðar í ritgerðinni. Eins er athyglivert að sagnirnar mynda einskonar vörður í landslaginu á sunnanverðu Reykjanesinu.“



Ljósmynd: Jón Steinar

inn er enginn annar en RAX sem er stórt nafn á sviði alþjóðlegrar ljósmyndunar. En þótt höfundarnafnið komi ekki fram á bókarkápu er lögum fylgt samviskusamlega á titilsíðu bókarinnar og þá getur engum blandast hugur um að höfundurinn er enginn annar en Alli á Eyri, netagerðarmeistari og menningarfrömuður á áttræðisaldri, Grindvíkingur í húð og hár, þótt hann eigi ættir að rekja til Færeyja eins og margir aðrir góðir og gegnir Grindvíkingar.

Melurinn er listasnjall sögumaður og næmur á hið sjónræna, hlýja og mannlega í lífinu og samferðamönnum sínum. Bókin er frumraun höfundar og þótt hann sé kominn af léttasta skeiði verður ellimerkja hvergi vart í bókinni, þar svífur ferskur andi yfir vötnum og gæðir sögurnar lífi og gleði sögumanns sem oft skákar sér yngri höfundum í hressleikanum og frásagnargleðinni sem eru skýrustu auðkenni bókarinnar.

Blúsinn lifir

Nafn bókarinnar er snjallt og felur í sér vísbendingu um útbreitt sálarástand á okkar tímum. Grindavíkurblús? Hversvegna Grindavíkurblús? Víða í bókinni kemur fram að höfundurinn er maður tónelskur og hefur yndi af seiðandi og tilfinningaþrungnum takti og texta blúsins. Upprunalega tengist blúsinn sem tónlistartegund þrælahaldi á bómullarekrum Suðurríkjanna þar sem þúsundir afrískra kvenna og karla kölluðust á í söng um ánauð sína og depurð til þess að tíminn liði fljótar.

Á okkar tímum hefur „feeling blue“ (að vera blár innanum sig) fengið yfirfærða merkingu og táknar ljúfsára angurværð frekar en örvæntingu, missi eða þungt áfall af kvenna völdum. Stungið hefur verið upp á því að besta þýðingin á orðinu blues sé torrek í anda Egils Skallagrímssonar, sem orti Sonatorrek, eitt merkasta ljóð víkingaaldar, eftir látna syni sína, Böðvar og Gunnar. Merking þessa orðs er að torvelt sé að reka hefndir. Böðvar fórst í sjóslysi en Gunnar dó á sóttarsæng. Skáldið og víkingurinn kvartar þó ekki beint yfir missinum heldur lýsir gremju sinni yfir því að geta ekki hefnt sonanna. Í anda mjúklyndari nútímafólks gæti torrek merkt harm yfir einhverju sem ekki verður bætt, ljúfsáran söknuð eftir liðnum tíma, fortíðarþrá, nostalgíu. Þetta gæti lýst tilfinningum margra Grindvíkinga sem hafa séð fagran og vinalegan heimabæ sinn umslunginn kraumandi eldhafi. Gömlu blúsararnir sögðu gjarnan að þótt blúsinn væri í eðli sínu tilfinning missis, væri hann fyrst og fremst stemning og sálarástand og ætti





ekkert skylt við vonleysi og þunglyndi. Þannig heldur blúsinn innreið sína í sálina þegar maður áttar sig á því að það fegursta og besta, sem maður pældi aldrei almennilega í og tók alltaf sem sjálfsögðum hlut, er farið veg allrar veraldar og skilur eftir sig tjón og trega.

Landslag æskuáranna

Eitt helsta einkenni bókarinnar er sú óbeislaða sköpun sem kalla mætti frjálsan bútasaum í textagerð. Frjálsi bútasaumurinn er vinsæll meðal hannyrðakvenna, nefnist „crazy quilt“ á ensku, sturlað bútastagl. Byrjað er á einum efnisbút og síðan unnið út frá honum, algjörlega óháð litum og áferð. Hægt er að byrja í einu horninu eða jafnvel í miðjunni og vinna hverskyns mynstur út frá bútunum. Tækni af þessu tagi tíðkast lítt meðal þeirra sem setja saman bækur og flestir rithöfundar myndu sennilega heykjast fljótt á slíku bútastagli. En í Grindavíkurblúsnum hefur melnum tekist hið ómögulega - efnið fær líf og lit, hugmyndaflugið er forkostulegt og lesandinn þreytist seint á þessari mögnuðu samsuðu. Höfundurinn er í rauninni að lýsa landslagi æskuáranna sem er ekki áþreifanlegt nema að litlu leyti heldur að mestu ímyndun og heilaspuni. Sem dæmi um þessa tækni má nefna fyrsta kafla bókarinnar, Grindavíkurblús I. Þar segir frá Guðjóni Hermannssyni, nýútskrifuðum Laugvetningi. Hann er að fara í ferðalag. Þetta er í fyrsta sinn sem hann fer ekki strax til Grindavíkur eftir skólann. Honum finnst notalegt að koma inn í flugvélina. Allt svo ferskt, blátt og svalandi, íslenskt andrúmsloft. Hann hallar sér aftur í sætinu með bók í hönd og les smásögu um líðan þess sem er svo óheppinn að eiga fullan pabba í Grindavíkurútunni.

Sjónarsviðið breytist snögglega, það er vetrarvertíð í Grindavík og hvert aflametið slegið á fætur öðru. Hjónin á Gimli eru farin að reskjast, þau reka veitingastofuna Mánaborg sem tók til starfa á vertíðinni 1958 í gamla Templaranum. Jón Gíslason var áberandi í atvinnurekstri í Grindavík á þessum árum. Bragginn hans var í Sæbóli. Grindavík er nafli alheimsins og Mánaborgin miðja tilverunnar. Það á að stofna íþróttafélag í bænum. Ungmennafélagið blómstrar og fótboltavöllurinn er tekinn í gegn. En hvað er að frétta af söguhetjunni Guðjóni? Pilturinn prúði frá Grindavík er kominn til Hamborgar. Þar er bæði Herbertstrasse og Reeperbahn. Uppi á skítugu sviði rokkar hljómsveit í djöfulmóð. Söngvarinn frábær, stórstjarna á ferðinni. „Skyndilega fannst mér ég þekkja þennan mann, þetta var Grindvíkingur sem söng mikið á Mánaborginni. Þvílíkt sjálfstraust, þvílíkur stíll.“ Hér er Guðjón farinn að tala í fyrstu persónu eintölu og það rennur upp fyrir lesandanum að þetta er sennilega enginn annar en sögumaðurinn, sjálfur Guðjón bak við tjöldin svo vitnað sé í söngleik Þórarins Eldjárns.

Í kafla sem nefnist Bjálkakofafundurinn segir frá fundi í Íþróttafélagi Grindavíkur. Sagan er í formi fundargerðar þar sem tvinnað er saman hrókaræðum fundarmanna, magnaðri fótboltalýsingu og örlagasögu athafnamanns. Þetta er án efa skemmtilegasta fundargerð sem rituð hefur verið á Íslandi frá upphafi vega.

Grindvísku strákarnir þrír

Í formála segir höfundur frá því að



Sigurbjörn Daði ásamt bókarhöfundi



seinnipart nítjándu aldar hafi þrír strákar fæðst í Grindavík. Þetta voru bræðrasynirnir Bjarni Sæmundsson og Einar G. Einarsson kaupmaður í Garðhúsum. Þriðji strákurinn var Guðsteinn Eyjólfsson úr Krosshúsum. Það er freistandi að feta sig eftir sögu þessara pilta. Sá síðastnefndi kom úr sárri fátækt. Honum tókst að fara til Danmerkur og læra að sauma föt utan um karlmenn og byggja undir sig töluvert stórveldi sem leiddi af sér gott orðspor. Einar kaupmaður í Garðhúsum fór í viðskipti og varð sveitarhöfðingi í Grindavík. Hann var sagður moldríkur og fyrirmynd að Jóhanni Bogesen í Sölku Völku eftir Kiljan. Bjarni Sæmundsson fór menntaveginn og lærði náttúrufræði með áherslu á fiskifræði. Sagan segir að hann hafi rannsakað sjávarlífið við frumstæðar aðstæður. Hann fékk að fara með togurum og skoða

Mergjuð mannlýsing

Í Grindavíkurblús er víða að finna einkar fimar og beinskeyttar lýsingar á mönnum og viðburðum. Kaflinn „Bjarni á Tóftum“ hefst í iðandi mannlífi á horninu á Union Street og Belgrave Road í London þar sem rauðhærður strákur í blárri skyrtu með síðan eyrnalokk öðru megin stöðvar bókaehöfund og vill fá pening fyrir bjór. Síðan víkur sögunni strax til Grindavíkur og út í Garð og loks til bátsins Faxa sem var að fara á sjó. Bjarni var að beita en var skráður varasjómaður ef einhver forfallaðist. Hann var sendur út á Stafnes að ræsa því það var ákveðið að fara í skyndingu. Það hafði verið spáð snarvitlausu veðri, en það bólaði ekkert á því. Það var tvíbent með veðrið en það voru allir að fara á sjó. Það náðist ekki í alla og því varð Bjarni að koma með, fimmtán eða sextán ára gamall.

Í þessum kafla er lesandinn stundum í vafa um hvar hann sé staddur í heiminum en kaflinn hefst á þessari mögnuðu mannlýsingu:

„Mér verður starsýnt á mann sem stendur fyrir utan íþróttabúðina í bænum. Hann heldur á tveggja lítra kókflösku úr plasti. Flaskan er tæplega hálf af einhverju glundri sem er á litinn svipað og því sem við köstum frá okkur, oftast með reglulegu millibili. Hann er með mjög sítt hár og skegg, þó er hárið farið að þynnast ofan á hvirflinum aftanverðum. Skæld leðurstígvélin hafa einhvern tíma þótt góð. Frakkinn nær niður á miðja kálfa, hann var líka einu sinni fallega brúnn. Kasmírullin var valin af mikilli kostgæfni í þessa flík sem kostaði sitt á sínum tíma. Nú er hún grútskítug og þakin heyi niður eftir öllu bakinu þar sem hún hangir á kröftugum herðum



þessa kostulega manns. Þrátt fyrir allt er hann klæddur eins og höfðingi sem leit út eins og róni sem átti hvergi höfði sínu að halla. Það er eins og hann hafi sofið í hlöðu um nóttina. Þessi dánumaður passaði einhverveginn ekki inn í umhverfið eins og hann var til fara, þó ekki væri nema vegna þess að hann var um það bil tveir metrar á hæð og lofthitinn var 25 stig á Celsius.“



Bræðurnir Aðalgeir, Flóvent og Kristinn.

fiskinn með sínum vísindalegu aðferðum. Hann hafði ekki fasta koju til að sofa í, heldur fékk hann að kasta sér hingað og þangað um skipið í flet þar sem eigandinn var við skyldustörf um borð.

Einu sinni voru þeir úti á Banka á togaranum Skallagrími. Þeir fylltu skipið og lögðu af stað á landstím í birtingu. Þá fékk fiskifræðingurinn að halla sér í Bestykkinu. Stefnan var tekin fyrir Reykjanes seinni hluta marsmánaðar eða í byrjun apríl. Veðrið var gott, norðan gola og ferðin gekk vel. Þegar þeir nálguðust Grindavíkina, kom strákurinn sem var á stímvaktinni aftur í Bestykkið, vakti fiskifræðinginn og ávarpaði hann með því að vitna í upphafsorð þessa alkunna ljóðs Arnars Arnarsonar:

Góðan daginn, Grindvíkingur! Gott er veðrið, sléttur sær. Svífa í hilling Suðurnesin…

Leysa heimsmálin á korteri

Nýlega fengu átta manns heiðursviðurkenningu fyrir menningarstörf sín frá bæjarstjórn Grindavíkur. Tilefnið var að fimmtíu ár voru liðin frá því bærinn fékk kaupstaðarréttindi. Þeirra á meðal var Aðalgeir Jóhannsson, Alli á Eyri. Hann kveðst vera ánægður með viðbrögð landsmanna undanfarið og sannfærður að líf verði komið í Grindavík á næstu mánuðum.

„Ég svakalega stoltur yfir því hvernig íslenskri þjóð hefur tekið á móti okkur Grindvíkingum í vandræðum okkar," segir Alli. „Ég á því láni að fagna að fá að drekka kaffi á Kaffivagninum Það er yndislegt að hitta karlana þar og leysa heimsmálin eins og við gerðum hérna í Grindavík. Þar er engin vandi að leysa heimsmálin á korteri eða svo." Hann er sannfærður að líf verði komið í Grindavík á næstu mánuðum. „Það er engan bilbug á mér að finna. Við komum aftur þegar fer að sumra betur og laufin farin að sjást á trjánum. Golfvöllurinn er í fínu lagi. Menn fara bráðum að spila þar."

Kaffihús með menningu og stórt hjarta

Þetta er reyndar ekki í fyrsta sinn sem höfundurinn okkar fær menningarverðlaun. Þau komu í hlut Bryggjubræðra, þeirra Aðalgeirs og Kristins Jóhannssona, verta á kaffihúsinu Bryggjunni, sem um árabil setti mikinn svip á menningarlíf Grindavíkur. Bryggjan kaffihús var opnuð árið 2009 og kostaði kapps um að fanga sögu tónlistar og sjávarútvegs á staðnum. Þess sá stað í innréttingum því kaffihúsið leit út eins og gamall beitningaskúr. Fjölmargir tónlistarmenn tróðu upp reglulega á Bryggjunni og hin vinsæla hljómsveit ADHD var húsbandið á staðnum. Bryggjan var ekkert venjulegt kaffihús heldur staður sem sagði sögu beitninga, sjósóknar og tónlistar í Grindavík á einstakan hátt. Bryggjan var þannig menningarstaður með sál og stórt hjarta. Melurinn segir að beitningar og söngur fléttist merkilega saman í sögu Grindavíkur.

„Við erum netagerðarmenn og kaffihúsið er í gömlu vírakompunni. Við búum til loðnunætur, síldarnætur og troll fyrir flotann og föngum beitningaskúramenninguna enda var hér áður frægur beitningaskúr og þangað komu fjórir bræður – Einar, Helgi, Kristinn og Ólafur – um vetrarnætur í kulda, trekki og frosti. Meðan þeir beittu sungu þeir raddaðan söng yfir lóðarstömpunum undir leiðsögn frá Sigvalda Kaldalóns. Beitningaskúrar voru á sínum tíma menningarstofnanir, ekki bara í Grindavík heldur um allt land. Það var píanó á staðnum og þangað komu oft fram frægir tónlistarmenn og upplesarar, haldnir voru tónleikar og ýmis konar fundi með þjóðkunnu fólki."

Eðvarð T. Jónsson

VEIÐARFÆRA
ÞJÓNUSTAN
ehf

ÞJÓNUSTA :







HÖNNUN VEIÐARFÆRA
Hönnun veiðarfæra: Hönnum veiðarfæri frá grunni ef með þarf. Einnig sjáum við um breytingar og lagfæringar á veiðarfærum til að aðlaga þau að óskum kaupenda.

UPPSETNING OG FRÁGANGUR VEIÐARFÆRA
Sjáum um uppsetningu og frágang veiðarfæra að óskum kaupenda.

VIÐHALD VEIÐARFÆRA
Yfirförum allar gerðir veiðarfæra.

VÍRAR, HÓLKAR, 600TN VÍRAPRESSA
Eigum á lager flestar gerðir vinnsluvíra og kranavíra. Erum með 600tn vírapressu, og þrykkjum bæði ál og stálhólka með hefðbundnum augum með eða án kóssa. Erum einnig með stálaugu f/ víra og vírmanillu.

ROCKHOPPERAR OG FÓTREIPI
Erum með rockhopperpressu. Setjum upp og lagfærum lengjur af öllum stærðum og gerðum, að óskum kaupenda. Eigum ávallt til á lager rockhopperdiska 10-24” í ýmsum þyngdum. Einnig erum við með milligúmmí af flestum stærðum. Setjum einnig upp fótreipi fyrir dragnætur og humartroll.

KEÐJUR OG LÁSAR
Stálkeðjur 9-32mm og galvanisíraðar 4-32mm frá Trygg í Noregi. Patentlása frá Parson og Silverline, og járnavara frá Markussen.

NET TÓ OG GARN
Net tó og garn frá Hampiðjunni, Cotesi og Euronet í Portugal.

ALL T Í NETAÚTHALDIÐ
Eigum efni í færi, sérta, baujur, belgi, teina og fleirra

NETAFELLING OG AFSKURÐUR
Tökum að okkur netafellingu og afskurð.

SKILJUR
Setjum upp og sjáum um viðhald á Sort-V smáfiskaskiljum og rækjuskiljum.

SJÓFATNAÐUR
Sjófatnaður, vettlingar, hnífar, brýni og ýmislegt fyrir útgerðina.

Frekari upplýsingar færðu áwww.veidarfaeri.is

VEIÐARFÆRAÞJÓNUSTAN EHF ÆGISGATA 3, 240 GRINDAVÍK SÍMI: 426 7717 - 894 1891 - 897 6230



Dasað uppi á dekki

Sjáumst á sjómannadaginn!

70 milljónir
á tvöfaldan miða
Dregnar út 4. júlí

Dregið alla fimmtudaga
Vertu með á **das.is** | 561 7757

das
HAPPDRÆTTI
1954–2024
70



Grindavíkurskip:

Öld er liðin frá smíði síðasta áttæringsins

Þann 3. júní 2023 kom til Grindavíkur nýsmíði, áttæringur, með öðrum orðum teinæringur þ.e.a.s. tíróinn áttæringu.
Skipið er smíðað fyrir Hollvinasamtök Áttæringsins af bátasmiðum fyrir hönd Félags áhugamanna um Breiðfirska bátasmíði, yfirsmiður er Hafliði Aðalsteinsson.

Á sjómannadag þann 4. júní var formleg afhjúpun á skipinu og flutti Gunnar Tómason ræðu af því tilefni, við Kvikuna austan megin stóð skipið fram á haust og var gestum og gangandi til sýnis.

Skipið er hýst í Kreppunni í boði Minja og sögufélags Grindavíkur.

Í forsvari fyrir Hollvinasamtök áttæringsins eru þau Ólafur R. Sigurðsson, Óskar Sævarsson og Marta Karlsdóttir. Þá hefur Gunnar Tómasson unnið náið með þeim og verið bakbeinið í samtökunum. Unnið hefur verið að fjármögnun og smíði bátsins í um þrjú ár. Um er að ræða mikilvæga heimild um atvinnusögu Grindavíkur.

Áttæringurinn er smíðaður eftir teikningu úr bókaflokknum Íslenskir sjávarhættir. Skipið var mælt upp árið 1945 og þá talið elsta varðveitta skipið í verstöðinni. Þá var fyrir löngu hætt að nota það. Enginn vissi þá um aldur skipsins, en það þótti sýna vel lag hinna gömlu vertíðarskipa í Grindavík. Oft voru áttæringarnir í Grindavík þó tírónir, þ.e. að tíu manns réru skipinu.

„Þetta voru mikilvægustu atvinnutæki þjóðarinnar og íbúanna í Grindavík sem sóttu björg sína í sjóinn og hefur verið okkar lífsbjörg frá því land byggðist. Við áttum ekki líkan af alvöru áttæringi og þess vegna fórum við út í það að smíða skipið. Þetta er líkan af þeim skipum sem fórust hér á sundinu og sóttu björg í bú og gerðu það að verkum að það var lífvænlegt í Grindavík."

Ólafur R. Sigurðsson, formaður.
Hollvinasamtaka áttæringsins

















Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur á sjómannadegi

Félag skipstjórnarmanna

GRINDIN
Trésmiðja og verktakar

KVIKAN
MENNINGARHÚS

BANI
MEINDÝRAVARNIR
Hallur J. Gunnarsson
Sími 821 5304 - banar@banar.is

GILDI

GLUGGAVINIR

TANNLÆKNASTOFA
GRINDAVÍKUR

HAF & VATN

HS VEITUR

MARINE COLLAGEN
Iceland

Vélsmiðja
Orms & Víglundar

LYSI

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra
hátíðarkveðjur á sjómannadegi

VÍKURFRAKT
Agnar 893-7729 Andri 895-7467

SJÓMANNA FÉLAG ÍSLANDS

Sjómannastofan VÖR Restaurant

ÍSFÉLAG GRINDAVÍKUR HF.

StapaPrent
- Síðan 1984 -

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur

Europcar





Sjómannadagurinn 4. júní 2023

Þessi hátíðisdagur Íslendinga, sjómannadagurinn 4. júní rann upp með hæglátri sunnanátt og alskýjuðum himni og gaf öllum þeim hinum mörgu sem til hans hafði hlakkað, von um bjartan og góðan dag.

Fjölmenni mætti til sjómannadagsmessu og við tók hefðbundin dagskrá, í fararbroddi gengu inn kirkjugólfið þeir feðgar Sigurður S Guðmundsson og sonur hans Hafliði Brian sem bar minningarblómsveig um drukknaða og týnda sjómenn. Í kjölfar þeirra komu formaður Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur Einar Hannes Harðarson ásamt sóknarpresti Grindvíkinga Elínborgu Gísladóttur.

Að baki þeim komu svo þeir sjómenn ásamt eiginkonum, sem heiðraðir voru í messunni.

Séra Elínborg Gísladóttir sóknarprestur Grindavíkur þjónaði fyrir altari og kór Grindavíkurkirkju undir stjórn organista kirkjunnar Kristjáns Hrannars Pálssonar sáu um tónlistarflutning.

Ritningarorð fluttu þeir feðgar Sigurður S.Guðmundsson stýrimaður á Tómasi Þorvaldssyni GK. og Hafliði Brian.

Gissur P Gissurarson tenor flutti nokkur lög við undileik Kristjáns Hrannars sem ásamt því að spila á orgel kirkjunnar, brá sér fyrir framan flygilinn og lék á harmónikkuna.

Sjómanna ræðuna flutti að þessu sinni formaður Sjómanna og vélstjórafélags Grindavíkur Einar Hannes Harðarsson.

Við tók heiðrun sjómanna, Einar Hannes Harðarson stjórnaði athöfninni og honum til halds og trausts var þingmaður Grindvíkinga Vilhjálmur Árnason.

Að lokinni messu var haldið fylktu liði að styttunni Von minnsivarða um drukknaða og týnda sjómenn, og var þar lagður blómsveigur, Séra Elínborg flutti minningar og bænar orð og kvennakórinn Grindavíkurdætur flutti nokkur lög undir stjórn Bertu Drafnar Ómarsdóttur.

Á vegum Sjómanna og vélstjórafélags Grindavíkur var einnig lagður blómsveigur við minnismerki um týnda sjómenn í Staðarkirkjugarði.

Á hátíðarsvæði „Sjóarans síkáta" tók við vegleg dagskrá sem byrjaði með afhjúpun og vígslu á áraskipi Grindvíkinga við Kvikuna þar sem Gunnar Tómasson flutti ræðu, Kári Stefánsson forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar flutti þrumuræðu í tilefni sjómannadags á hátíðarsviði og við tók vegleg skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna.

Hátíðarhöld helgarinnir fóru vel fram í alla staði, skemmtidagskrá á sjómannadag var að venju undir stjórn Steingríms E. Kjartanssonar fyri hönd SVG.



Ljósmyndir: Grindavíkurbær / Ingibergur Jónasson




























codland
codland
HELGADOTTIR
13
AMHERJI
odland



Ljósmyndir: Hallur J. Gunnarsson












Ilbrautin
ADALSKODUN
BYKO






Slysavarnadeildin Þórkatla












Slysavarnadeildin Þórkatla













Heiðranir 2023



Frá vinstri: Sigurlaug Sigurðardóttir, Halldór Einarsson. Böðvar Ingvar Halldórsson, Halla Emilía Jónsdóttir. Gísli V. Jónsson. Kristín Þórey Eyþórsdóttir, Gísli Þorláksson. Guðmunda Jónsdóttir, Guðmundur Sverrir Ólafsson. Einar H. Harðarsson formaður SVG.

Böðvar Ingvar Halldórsson vélstjóri



Böðvar er fæddur þann 26. júní 1948 á Eyrarbakka.

Foreldrar voru Halldór S. Guðmundsson frá Mýrarkoti í Grímsnesi og Ásta Böðvarsdóttir frá Vestmannaeyjum.

Eiginkona Böðvars er Halla Emilía Jónsdóttir frá Keflavík og eru dætur þeirra, Magnea Ósk, Rannveig Jónína og Ásta Halldóra, barnabörnin eru 7 og barnabarnabörnin orðin 3.

Böðvar ólst upp á Eyrarbakka og gekk þar í barnaskólann, 15 ára er hann kominn í Hérðaskólann á Laugarvatni og þaðan lá leiðin í Iðnskólann á Selfossi, hann útskrifast svo frá Vélskóla Íslands með vélstjórnarréttindi 1970.

Að loknu gagnfræðiprófi á 17. ári er Böðvar kominn á sjóinn, hann fer á humar á Guðbjörgu ÁR 25 frá Eyrabakka 1965. Á skólaárum er gripið í sjómennsku þegar að gafst, fer á vertið á Þorlák Helga Ár 11 og togarann Jón Þorláksson Re 204 sem háseti.

Eftir Vélskólann er hann orðinn vélstjóri á Ásmundi AK 8 og svo taka við mörg ár við vélstjórn á hinum ýmsu vertíðarbátum, m.a. á Ögmundi ÁR og Sólfara í Þorlákshöfn.

Sumarið 1973 er Böðvar kominn til Grindavíkur og byrjar á Gylfa Erni með Ólafi Sverrissyni.

Á áttunda og níunda ártugnum er hann m.a á Sigurði Þorleifssyni og Hrafni Sveinbjarnarsyni, í Norðusjónum á Þórkötlu annari GK 197, þá á Krossanesi GK 154 og Höfrungi öðrum GK 27.

1980 hefur hann útgerð með Skúla Magnússyni á Faxavík GK 727, útgerð lýkur fimm árum seinna.

Böðvar er á loðnu á Sunnubergi GK 199 og svo á Sturlu GK 12.

Síðustu ár sjómennsku er Böðvar kominn til Noregs, á línuskipin Lestarskjer og Aksla. Þeir voru gerðir út frá Hanstholm í Danmörku. Við komuna heim til Íslands um síðustu aldamót er Böðvar hættur til sjós.

Á milli úthalda hafði Böðvar unnið af og til í vélsmiðjum og við pípulagnir. Þegar í land er komið leggur hann fyrir sig pípulagnir frá 2000 til ársins 2018 er Böðvar lýkur sinni starfsævi, vann hann m.a með Guðmundi Finnsyni, Eyjólfi Valssyni, Þorsteini Einarssyni og síðustu árin hjá Lagnaþjónustu Suðurnesja.

Böðvar og Halla búa í Laut 22 hér í bæ og njóta nú efri áranna.

Böðvar Ingvar Halldórsson vélstjóri og útgerðarmaður:

Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir ártauga störf á sjónum. *Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.*

Gísli Þorláksson stýrimaður og skipstjóri



Gísli er fæddur þann 16. nóvember 1951 í Vík í Járngerðarstaðarhverfi.

Hann er sonur hjónanna Þorláks Gíslasonar frá Vík og Valgerðar Jónsdóttur frá Broddadalsá í Strandasýslu og eignuðust þau 9 börn.

Eiginkona Gísla er Kristín Þórey Eyþórsdóttir frá Hafnarfirði, börn þeirra eru Þuríður og Þorlákur og barnabörnin eru orðin þrjú.

Gísli ólst upp í Vík og gekk í grunnskóla Grindavíkur, tók þátt í bústörfum í Vík og gekk í ýmis verk sem þá tíðkuðust, breiða fisk og beita.

Gísli er kominn á sjóinn á sautjánda árinu uppá hálfan hlut á Hrafn þriðja með Sveini Ísakssyni.

Hann er munstraður í fyrsta skipsrúm sem háseti 1969 á Mána GK 36 og við tekur sjómennska á ýmsum vertíðarbátum frá

Grindavík. Er m.a. á Hrafni Sveinbjarnasyni þriðja, Sigfúsi Bergman og Guðrúnu Jónsdóttur.

Gísli er svo kominn á Grindvíking GK 606 og er þar frá 1975 til 1977 er hann fer í Stýrimannaskólann í Reykjavík og útskrifast með skipstjórnapróf 1980.

Næstu ár er hann ýmist stýrimaður eða skipstjóri m.a á Má GK 55 og Vörðunesinu GK 45.

Hann er svo kominn aftur á Grindvíking Gk, nýja árið 1987 og var þar stýrimaður næstu fimm árin á nótaveiðum og rækju, einnig var farið á Haukalóð og fiskaðist vel.

1992 byrjar hann með bræðrum sínum frá Vík á Þorsteini Gíslasyni GK, á vetrarvertíðum og línu er hann stýrimaður með bróður sínum Halldóri og skipstjóri á humarveiðum að sumri til, Þorsteinn Gíslason GK var með mestan humarkvóta Grindavíkurbáta.

Gísli lýkur þar sjómannsferli sínum árið 2008.

Hann hafði gripið í smíðavinnu í landi á milli úthalda og verður það starfsferill Gísla til ársins 2021. Hann lýkur sinni starfsævi, vann m.a hjá Grindinni og HH smíði.

Gísli og Kristín búa í dag í Víkurhópi 12 hér í bæ og njóta þar efri áranna.

Gísli Þorlákssson: Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum.
Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Guðmundur Sverrir Ólafsson



Guðmundur er fæddur á Húsavík, 3. maí 1952.

Foreldrar Guðmundar eru Gunnlaug Maídís Reynis, ættuð frá Húsavík, og Ólafur Valgeir Sverrisson ættaður úr Grindavík.

Guðmundur er elstur af sjö systkinum.

Eiginkona er Guðmunda Jónsdóttir ættuð frá Keflavík, fædd 9. maí 1953.

Börnin eru: Ólafur Már, fæddur 3. nóv. 1973, giftur Lóu Mjöll Ægisdóttur og eiga þau 3 börn.

Sigurður Sverrir fæddur 14. okt. 1978, giftur Lilju Gharlene Thomas og eiga þau 4 börn.

Rannveig Jónína fædd 23.ágúst 1984, gift Guðmundi Andra Bjarnasyni og eiga þau 2 börn. Eru þau öll búsett hér í Grindavík.

Þau hjónin eiga því 9 barnabörn og er eitt þeirra látið.

Guðmundur gekk í Barnaskóla Grindavíkur frá 1959 til 1966, þar á eftir í Héraðsskólann að Laugarvatni og var þar frá hausti 1966 til vors 1968 þegar hann útskrifaðist þaðan sem gagnfræðingur.

Guðmundur fór síðan í Stýrimannaskólann í Reykjavík haustið 1971 og útskrifaðist þaðan með hið meira Fiskimannapróf vorið 1973.

Síðan hefur hann farið á ýmis námskeið tengd vinnu sinni.

Guðmundur hóf að vinna hjá afa sínum, Sverri, sem var með litla saltfiskverkun hér í bæ. Hann vann við að breiða út fisk til þurrkunar á svokölluðum saltfiskreitum innan bæjarins 8 ára gamall, eins og fleiri börn á þeim árum, og vann síðan á sumrin frá 10-13 ára í Frystihúsi Grindavíkur.

Fjórtán ára fór hann á sjó sumarið 1966, eftir fermingu uppá hálfan hlut á m/b Ólafíu GK sem var í eigu pabba hans, frænda og afa.

Um sumarið 1967 var hann að vinna í Arnarvík.

Eftir útskrift frá Laugarvatni 1968 stundaði Guðmundur sjósókn, fyrst með föður sínum á Gylfa ÍS, til ársins 1971 og eina vertíð eftir skóla árið 1972 með Guðmundi Karlsyni á Þórir RE

Fór í útgerð með föður sínum á Gylfa Erni GK frá 1972-1976

Hann var stýrimaður á Dagfara ÞH með Magnúsi Daníelsyni frá sumri 1976 til vors 1977. Þaðan lá leiðin á m/b Hrafn Sveinbjarnarson sem annar stýrimaður með Snorra Gestssyni í ágústmánuði 1977. Eftir það tók hann við sem skipstjóri á Þóri GK fram að áramótum 1977-1978. Þá byrjar hann sem stýrimaður á m/b Hrafni Sveinbjarnarsyni III GK með Ásgeiri Magnússyni til vors 1978 að hann tekur við skipstjórn á Sigurði Þorleifssyni GK og var með hann fram í ágúst 1994. Guðmundur kemur þá í land eftir að Sigurður Þorleifsson GK var seldur. Hann hóf störf í landi hjá Þorbirni h/f við ýmis störf og frá apríl 1995 starfaði hann sem útgerðarstjóri til áramóta 1999-2000 og gegndi einnig starfi hafnsögumanns/lóðs við Grindavíkurhöfn á sex ára tímabili. Eftir árið 2000 í kjölfar sameiningar Þorbjarnar h/f., Valdimars h/f og Fiskaness h/f hefur hann verið starfandi sem þjónustustjóri hjá fyrirtækinu. Guðmundur hefur starfað hjá Þorbirni h/f undanfarin rúm 45 ár.

Guðmundur og Guðmunda hafa búið í Ásbyrgi, þ.e. Ásabraut 1, síðastliðin 45 ár hér í Grindavíkubæ.

Guðmundur Sverrir Ólafsson:

Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum og þjónustu við skipaflota Þorbjarnar h/f.

Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Halldór Einarsson háseti



Halldór er fæddur þann 15. apríl 1951 í Ásgarði í Grindavík.

Foreldrar hans voru Einar Dagbjartsson útgerðarmaður frá Ásgarði og Laufey Guðjónsdóttir frá Höfn í Vestmannaeyjum.

Systir Halldórs er Kolbrún, en látnir eru bræðurnir Dagbjartur og Guðjón.

Eiginkona Halldórs er Sigurlaug Sigurðardóttir og eiga þau tvö börn, Sólveigu og Sigurð, barnabörnin eru orðin þrjú.

Halldór ólst upp í Ásgarði og gekk í grunnskóla Grindavíkur. Snemma beygðist krókurinn. Halldór fór snemma að taka til hendinni á stóru útgerðarheimili, og sýsla í veiðarfærahúsinu.

Hann er kominn á sjóinn 16 ára gamall uppá hálfan hlut á Geirfuginn GK 66. Hann er svo farinn að róa á hinum ýmsu bátum sem ýmist voru í eigu föður hans eða frænda, m.a. Ólaf GK, Kára GK ofl.

Við tók sjómennska á Gauk GK og Grindvíking GK. Hann var um skeið á Þorbjarnarbátum ma. Hrafni Sveinbjarnarsyni GK.

Halldór réri með Þórarni Ólafssyni á Albert GK, á síld og loðnu og var um tíma háseti á minnsta loðnubáti við Íslandsstrendur á Kára GK með Óskari Gíslasyni.

Jöfnum höndum vann Halldór við veiðarfæragerð hjá Fiskanesi á milli úthalda. Hann lauk sínum sjómannsferli á Skarfinum GK. árið 1996.

Er í land var komið starfaði Halldór við veiðarfæragerð í Fiskanesi h/F, við sameiningu við Þorbjörn h/f. Árið 2000 færði hann sig um set og starfaði hjá Veiðarfæraþjónustunni h/f .

Hann lýkur sinni starfsævi hjá Kölku h/f um áramótin 2021-22.

Halldór og Sigurlaug er búsett á Hellubraut 1 hér í bæ og una hag sínum vel.

Halldór Einarsson: Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum og veiðarfæragerð.

Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Gísli V. Jónsson skipstjóri



Gísli er fæddur í Reykjavík 2. febrúar 1950, fyrsta barn foreldra sinna, Ingigerðar Eiríksdóttur frá Löngumýri á Skeiðum og Jóns Ingvarssonar frá Skipum á Stokkseyri.

Foreldrar hans byrjuðu búskap á Skipum 1949 og bjuggu þar stórbúi þeirra tíma.

Gísli lauk prófi frá Barna og unglingaskólanum á Stokkseyri vorið 1964, ári á undan jafnöldrum sínum. Haustið 1964 og út febrúar 1965 var hann í Íþróttaskólanum á Geysi í Haukadal.

Alla æskuna vann Gísli við bú foreldra sinna fram á táningsaldurinn.

Hann er svo kominn á sjóinn á sextánda árinu.

3. janúar 1966 byrjar sjómennskan á Hásteini ll ÁR 9 frá Stokkseyri. Svo tóku við 4 vertíðir á Hólmsteini Ár 27 frá Stokkseyri, vertíðir á línu og netum.

Vorið 1968 réði hann sig til síldveiða á Krossanes SU 320 frá Eskifirði og var þar til jóla það ár. 1969 og 1970 var hann á Barða NK 120 frá Neskaupstað. Hann er svo 2 stýrimaður á Birting NK 119, 1972 til áramóta það ár.

Haustið 1969 hefur Gísli nám við Stýrimannaskólann í Reykjavík og lauk þaðan námi 1971 með hið meira fiskimannapróf, full réttindi til að stjórna fiskiskipi hversu stórt sem var.

Í janúar 1973 ræður hann sig sem skipstjóra á Flosa ÍS 15 sem Hraðfrystistöðin á Eyrarbakka hafði fest kaup á.

Næstu áratugina er Gísli skipstjóri á ýmsum bátum á netum, trolli, dragnót og hringnót. Lengst af hjá Glettingi í Þorlákshöfn og síðar Vísi H/F í Grindavík.

Vera Gísla hjá Vísi stóð frá ágúst 1996 til júlí 2021 þegar hann lætur af störfum, eða alls í 25 ár.

Vísir lét smíða fyrir sig nýtt línuskip í Gdansk í Póllandi og kom það nýtt til Grindavíkur 21. janúar 2020 og fékk nafnið Páll Jónsson GK 7 og kom í stað gamla Páls Jónssonar. Gísli sem hafði þá verið skipstjóri á gamla Páli undanfarin ár, fer til Póllands að sækja nýjan Pál Jónsson GK og siglir honum til Grindavíkur. Hann er skipstjóri á nýja Páli Jónssyni GK til starfsloka.

Skipstjóraferli hans lýkur svo í júlí 2021.

Sjómennskan nær yfir hálfa öld og fimm árum betur eða í 55 ár, þar af skipstjóri í 48 ár.

Eiginkona Gísla í 45 ár var Herdís Hermannsdóttir frá Suðureyri við Súgandafjörð.

Lengst af bjuggu þau í Þorlákshöfn, tæp 30 ár og 15 ár í Kópavogi.

Börnin eru 3, Ingigerður, býr í Grindavík, Hermann Þór býr í Reykjavík og Axel Már býr í Kópavogi. Barnabörnin eru 6.

Herdís lést 30. apríl 2021.

Gísli byggði sér hús á ættaróðalinu að Skipum og nýtur þar starfslokanna.

Gísli V. Jónsson: Sjómanna og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum.

Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.







Sjómannadagsræða: Einar Hannes Harðarson

Sjómannadagsræða

Ágætur kirkjugestir. Einar Hannes Harðarson heiti ég og er giftur Ásdísi Hafliðadóttur og eigum við saman þrjú börn.

Fyrst af öllu ætla ég að fara yfir minn sjómannsferil. Þegar ég var 16 ára þá tók Hilmar Helgason mig um borð í Hrafn Sveinbjarnarson GK 255 og er ég honum ævinlega þakklátur fyrir það. Ég er ekki einn um það, því t.d. þegar ég gifti mig kom pabbi inn á það í ræðu sinni að ég hafi verið algjör frumkvöðull í verkefninu Heimili og skóli þar sem iðulega bárust símtöl frá skólanum á hverjum degi, stundum oftar en einu sinni.

Um borð í Hrafninum var ég mjög heppinn. Ég sem 16 ára óharnaður unglingur eignast 26 pabba í viðbót. Allir að reyna að temja mann, leiðbeina manni og reyna að gera þennan óþekka krakka að manni.

Mér er sagt að það hafi ekki þurft færri heldur en þessa 26 kalla til þess að gera þennan strák að manni. Ég hef verið einstaklega heppinn með skipstjórnarmenn á mínum ferli. Eins og ég kom áður inn á þá tók Hilmar Helgason mig um borð 16 ára. Hann var ekki bara skipstjóri á skipinu heldur passaði hann að við myndum kaupa okkur íbúð og bíl



Einar Hannes Harðarson

svo allir peningarnir okkar færu ekki í rugl. Ég get þó ekki staðið hér án þess að minnast á Sigurð Jónsson sem hefur frá upphaf míns ferils, fyrst verið afleysingaskipstjóri og svo skipstjóri á Hrafninum, Sigurður er einstaklega laginn við það að vera góður stjórnandi. Þrátt fyrir að vera skipstjóri þá lítur hann alltaf á sig sem einn af okkur. Það eru fáir eða enginn sem er betri að búa til liðsheild heldur en hann.

Sjómannsferill minn hefur verið mjög einsleitur í gegnum tíðina, fyrstu 19 árin var ég um borð hjá Hrafni Sveinbjarnarsyni en 2019 fengum við nýtt og glæsilegt skip Tómas Þvorvaldsson GK og er ég þar enn. Jólin 2014 bauð ég mig fram sem formaður Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur og var kjörinn á aðalfundi til þess að gegna því ábyrgðamikla hlutverki. Er ég gríðarlega þakklátur félagsmönnum SVG að hafa treyst mér og gefið mér það tækifæri. Því það að vera formaður í stéttarfélagi er mikill skóli.

Því get ég ekki annað en að koma inn á kjaramál sjómanna. Samningar hafa verið lausir hjá fiskiskipasjómönnum síðan í desember 2019. Eina krafa sjómanna er að útgerðamenn greiði 11,5% í lífeyrissjóð eins og allt annað launafólk í landinu fær og að rétt afurðaverð sé greitt. Rétt verð fyrir fiskinn skiptir ekki bara sjómenn máli heldur allt samfélagið. Stéttarfélög sjómanna hafa í mörg ár, bent á ógagnsæi í verðlagningu á sjávaraðfurðum en á það hefur útgerðin ekki viljað hlusta og hefur vilji til þess að breyta þessu verið við

frostmark. Ákveðnir stjórnmálaflokkar hafa haft langan tíma til þess að breyta þessu. Ákveðnir flokkar hafa legið á skýrslu þar sem kemur fram að grunur sé á milliverðlagningu á fiskafurðum sem fluttar eru frá landinu. Ákveðnir stjórnmálaflokkar hafa gefið útgerðinni afslátt af tryggingagjaldi án þess að setja það skilyrði á móti að hækka mótframlag í lífeyrissjóð fyrir sjómenn eins og öll önnur fyrirtæki í landinu þurftu að gangast undir. Ákveðnir stjórnmálaflokkar hafa engan og þá meina ég engan áhuga á breytingum.

Hvað er átt við með milliverðlagningu? Könnun starfshóps á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins á fjármagnsflutningum og eignaumsýslu á lágskattasvæðum sýnir að ólögmætt milliverðlagning í vöruviðskiptum milli ríkja er algengt form undanskota í mörgum löndum. Þetta á ekki síst við þar sem þjónustugreinar eru ekki komnar til mikils þroska, s.s í þróunarríkjunum. Með vaxandi hlutdeild þeirra, sér í lagi í fjármálaþjónustu, vex aftur á móti hlutdeild löglegrar sniðgöngu sem byggir á fjármálatækni og flutningi á óefnislegum verðmætum. Þar sem sjávarafurðir hafi átt í hlut útilokaði greiningin aftur á móti ekki þann möguleika að 8,3% hærra skráð innflutningsverð í móttökulöndum gæti innihaldið milliverðlagningaþátt – þessu hafa útgerðarmenn ekki svarað hvort sé rétt eða ekki.

Því á þessu tapa ekki bara sjómenn heldur einnig hafnir hafnargjöldum, sveitarfélögin útsvari, ríkið tapar tekjuskatti og auðlindagjöldum – við töpum öll. Og bara til þess að setja þetta í tölulegt form miðað við útflutningstekjur fiskafurða 2018 þá vantaði 19,9 milljarða inn í hagkerfið bara á því eina ári. 19,9 milljarða vantar inn í íslenskt hagkerfi og öll þessi gögn liggja í skúffu fjármála- og efnahagsráðherra. Hvers vegna þarf ekki að svara fyrir þetta?

Í einni og sömu vikunni í mars 2019



var meðalverð íslenskra skipa vegna kolmunaveiða 25,17 kr/kg. Í sömu viku borguðu sömu fyrirtæki norskum skipum 36,07 kr/kg fyrir kolmunna í bræðslu, veiddan á sama stað úr sömu torfu. Höldum áfram, árið 2021 á loðnuvertíðinni voru íslensk fyrirtæki að kaupa loðnu af norskum sjómönnum á 220 kr/kg en þessi sömu fyrirtæki voru tilbúinn að borga sjómönnum 80 kr/kg og segir í norka blaðinu fiskerne að tveggja vikna loðnuhátíð við Ísland haf skilað 600 milljónum norskra króna í aflaverðmæti, rúmlega 9 milljörðum íslenskra króna.

Ég vil minna á að hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs er að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahluta sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna. Verðlagsstofa skiptaverðs hefur gefið út áhugaverðar skýrslur á síðustu árum en því miður finnst mér hafa skort pólitískan vilja til þess að gera eitthvað með þau gögn. Mín skoðun er sú að samfélagið allt hagnist á því að upplýsingar um fiskverð séu réttar.

Undanfarin misseri hafa verið okkur í Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur erfið með tilli til öryggis á sjó, þar sem við höfum misst tvo félaga okkar í hörmulegum vinnuslysum.

Annar þessara manna féll fyrir borð á Sighvati GK og hefur ekki fundist enn. Vil ég votta fjölskyldu og vinum innilega samúð. Hinn félagi okkar fórst í skipsbruna í Njarðvíkurhöfn, báðir voru þeir



félagar hjá okkur til margra ára og vil ég ítreka innilega samúð til fjölskyldna þeirra og vina fyrir mína hönd og Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur.

Við sem stéttarfélag sjómanna höfum farið í gegnum nokkur mjög góð ár öryggislega séð. Það má aldrei sofna verðinum í þeim efnum. Þetta er það sem skiftir okkur mestu máli, að koma heilir heim.

Að því sögðu óska ég sjómönnum og fjölskyldum þeirra innilega til hamingju með daginn.



2. apríl 2024
Ljósm. Eyjólfur Vilbergsson



Ræða Kára Stefánssonar í Grindavík á sjómannadaginn 2023:

„Tími kominn á sjómanna byltingu í íslensku samfélagi“

Sjómenn Grindavíkur! Ég vil byrja á því að þakka ykkur þann heiður sem mér er sýndur með því að leyfa mér að ávarpa ykkur á deginum ykkar.

Það er fátt eða ekkert sem mér finnst sjálfsagðara í árvissu hegðunarmynstri íslenskrar þjóðar en að taka frá einn dag af hverjum 365 til þess heiðra sjómannastéttina. Að sama skapi þykir mér dapurlegt til þess að vita hvernig sjómannastéttin hefur hægt og hægt glatað þeim stað sem hún svo sannarlega ætti að hafa í hjarta þjóðarinnar. Án hennar, ef hún hefði ekki verið til á síðustu öld og öldunum þar á undan eru ekki miklar líkur á því að við værum til sem sú þjóð sem við erum í dag.

Ég fæddist á fyrri helming síðustu aldar og þegar ég var að vaxa úr grasi var ljóst á allri umræðu í samfélaginu að framfærsla þess hvíldi á herðum sjómanna, var háð því sem þeir veiddu. Sjómannastéttin framfleytti íslensku





samfélagi alla síðustu öld. Móðurafi minn var bræðslumaður á togara sem var gerður út frá Hafnarfirði og faðir minn var fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu sem vildi helst ekki flytja fréttir af öðru en sjávarútvegi og hann var einnig rithöfundur sem vildi helst ekki skrifa bækur um annað en hið sama. Hann fór út á varðskipum í þorskastríðum af því hann varð að sjá þau með eigin augum til þess að geta flutt af þeim fréttir. Fyrir honum voru þorskastríðin stríð upp á líf og dauða íslenskrar þjóðar. Annars voru þau mannskæðu stríð sem íslenskir sjómenn háðu ekki við flota hennar hátignar Elísabetar Bretadrottningar heldur við Ægi hinn gjöfula sem á einni svipstundu gat breyst í ofbeldisfullan andstæðing. Það er nefnilega staðreynd að það hefur aldrei verið til hættulegra starf í íslensku samfélagi en að vera sjómaður að veiða fisk við strendur landsins. Ég man eftir því að sitja með foreldrum mínum og systkinum sem lítið barn við útvarpið að bíða eftir fréttum af togurum sem voru að veiðum einhvers staðar þar sem skollið var á mannskætt ofviðri. Og síðan að skoða Þjóðviljann og Moggann daginn eftir með forsíður skreyttar myndum af feðrum, bræðrum og sonum sem voru horfnir í hafsins skaut. Menn sem lögðu af stað á haf út til þess að framfleyta sér og sínum og jafnframt allri íslenskri þjóð og áttu aldrei eftir að koma til baka. Mannfallið í því stríði var geigvænlegt þegar það er sett í samhengi við önnur stríð. Tökum sem dæmi stríðið í Vietnam þar sem Bandaríkjamenn misstu 58 þúsund manns sem var mannfall sem setti ekki bara bandarískt samfélag á hliðina heldur kom öllum vestrænum heimi í uppnám. Bandarísk þjóð er þúsund sinnum stærri en sú íslenska þannig að 58 þúsund Bandaríkjamenn samsvara 58 Íslendingum. Mannfall úr íslenskri sjómannastétt í stríðinu við Ægi á síðustu öld samsvarar allt að tíu Víetnamstríðum. Munurinn er sá að íslenskir sjómenn voru ekki að berja á lítilmagna þriðja heims þjóð. Þeir voru að leggja líf sítt í sölurnar til þess að framfleyta íslenskri þjóð. Fyrir það eiga þeir skilið sérstakan stað í hjarta okkar. Við stöndum í ævarandi þakkarskuld við sjómennina okkar. Og síðan eru þeir sem gáfust upp áður en vökulögin voru sett og einfaldlega létust af þrælkuninni. Einn af þeim sem eftir lifðu orti:

Sá ég falla frækinn lýð
flestir stallar auðir.
Það voru karlar í þeirri tíð,
þeir eru nú allir dauðir

Starf sjómanna er að vísu ekki lengur eins hættulegt og það var á síðustu öld vegna þess að skipin eru betri og veðurspár öruggari og það má líka leiða að því rök að starf sjómannanna sé að öðru leyti töluvert auðveldara en það var. Guði sé lof. En það breytir ekki þeirri staðreynd að enn þann dag í dag stöndum við í skuld við sjómannastéttina og það er ekki þakkarskuld sem á bara að tjá á dögum eins og þessum. Hún kallar á að við sjáum til þess að sjómennirnir okkar hafi virðingarsess í íslensku samfélagi. Þann sess eiga þeir ekki skilinn bara vegna þess hverjir þeir eru heldur líka vegna sögunnar sem krefst virðingar fyrir fulltrúa þess sem var. Og ég held því fram að þessi virðing sé ekki til staðar eins og stendur og þið sjómenn eigið að krefjast þess að því verði kippt í lag.

Og hver er þá ástæða þess að sjómenn hafa hrunið niður virðingarstiga íslensks samfélags? Það eru sjálfsagt mörg svör við þessari spurningu en fyrst og fremst er það vegna þess að nú vinna þeir í atvinnugrein sem er talað ver um en nokkra aðra atvinnugrein á Íslandi, jafnvel ver en bankana. Sagan sem er sögð um íslenskan sjávarútveg í dag er ljót, virkilega ljót og hún hljómar einhvern vegin svona:

Útgerðarfélögin sem eiga öll skipin og kvótann eru hálfgerð glæpafélög sem arðræna íslenska þjóð og níðast á sjómönnum með því að hýrudraga þá með flóknum bókhaldstrikkum, til dæmis með því að eiga félög í útlöndum sem þau selja aflann á lágu verði sem svo áframselja hann á háu verði. Þessi saga er með öllu óásættanleg hvort sem hún er sönn eða login og ég vil leggja á það áherslu að með þessum orðum er ég á engan máta að leggja mat á sannleiksgildi hennar. Sjómennirnir okkar eiga það einfaldlega ekki skilið að svona sé talað um atvinnugreinina þeirra. Þessu verður að breyta. Og það er ljóst að þessu verður ekki breytt án aðkomu sjómanna. Þeir verða að koma að þeirri endurskoðun sjávarútvegs á Íslandi sem leiðir til þess að hann öðlist aftur það traust og þá væntumþykju þjóðarinnar sem hún á skilið. Það er búið að tala um þessa ljótu nútímasögu íslensks sjávarútvegs í áratugi á síðum dagblaða, í ljósvökum, á Alþingi, fyrir dómstólum og öllum kaffistofum landsins og ekkert gerist. Hvað svo sem kann að vera ljótt í gangi hjá útgerðarfélögunum er ekki bara á ábyrgð þeirra heldur samfélagsins í heild sinni vegna þess að það hefur leyft þetta. Það sem meira er sú staðreynd að við vitum ekki hvað er að gerast hjá útgerðarfélögunum er eingöngu á ábyrgð samfélagsins í heild sinni. Þess vegna held ég að ekkert komi til með að gerast í þessu máli fyrr en sjómenn landsins taka málin í sínar hendur. Það er kominn tími á sjómannabyltingu í íslensku samfélagi. Þið verðið að skipuleggja ykkur og hefja kraftmikla baráttu. Þið verðið að kasta blöðrum fullum af rauðri málingu í þær stofnanir sem standa í vegi ykkar annað hvort symbólískt eða raunverulega. Þið verðið að hefja upp raust sem glymur í öllum krókum og kimum þessa samfélags. Þið eigið að stíga fram og krefjast þess að fá aðgang að þeim gögnum sem gera ykkur kleift að segja við samfélagið: hættið þessum rógi um atvinnugreinina okkar ef þið komist að því að ekkert sé að eða ef ljótu sögurnar reynast réttar þá: hér eru lamir brotnar og við verðum að fá heimildir til þess að laga þær. Og Þið skuldið honum afa mínum honum Halldóri Auðunssyni sem var bræðslumaður á togara fyrir vökulögin að gera þetta og öllum hans kollegum frá þeim tíma og öllum öðrum tímum. Ef þið gerið þetta ekki verður ykkar ekki einu sinni minnst sem vesalinga sem nenntuð ekki eða þorðuð ekki. Ykkar verður einfaldlega ekki minnst. Það kemur enginn til með að muna eftir ykkur. Þið fallið kylliflatir á nefið inn í gleymskunnar dá. Þetta er ekki spádómur heldur lýsing á því ástandi sem við stöndum frammi fyrir í dag. Svo í guðana bænum rísið þið nú upp og reisið um leið heiður íslensks sjávarútvegs til fyrri hæða.

Hátíðarkvöldverður í lok sjómannadags 2023












































Við óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn

Um leið viljum við vekja athygli á **kostum séreignarsparnaðar**. Tryggðu þér **2% launahækkun** með séreignarsparnaði hjá Gildi eða auktu framlag í tilgreinda séreign án þess að greiða meira.

Nánari upplýsingar á **gildi.is**

GILDI
Lífeyrissjóður
www.gildi.is



VIÐ ÓSKUM SJÓMÖNNUM OG FJÖLSKYLDUM ÞEIRRA TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!

Verið velkomin til okkar við C hliðin á Keflavíkurflugvelli.

hjá höllu

www.hjahollu.is & /hjahollu

SJÓMANNAHEILSA

Við óskum sjómönnum til hamingju með daginn

Sérhæft fyrirtæki í heilbrigðismálum starfsfólks í sjávarútvegi
www.sjomannaheilsa.is

MARÁS

FRIÐRIK A. JÓNSSON ehf.

Marás og FAJ óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með sjómannadaginn.

YANMAR · REINTJES POWER TRAIN SOLUTIONS · BERG PROPULSION · STAMFORD | AvK · SCANTROL · NorSap · SIMRAD · VINGTOR STENTOFON

YANMAR aðalvél
YANMAR hjálparvél
REINTJES niðurfærslugír
BERG skiptiskrúfa

STAMFORD ásrafali
SCANTROL autotroll
NORSAP skipstjórastólar

SIMRAD sjálfstýring
SIMRAD gýróáttaviti
VINGTOR kallkerfi
VINGTOR neyðarsímkerfi



KALDBAKUR EA 1

SIMRAD



Halo ratsjár



Sjálfstýringar

SIMRAD



SAILOR COBHAM



A1, A2, A3 og A4 talstöðvar

GLAMOX · aqua signal · NORSAT



Ískastarar

ICOM



GMDSS talstöðvar

SIMRAD



Kortaplotter

SIMRAD



Dýptarmælar og Ratsjárskjáir

ICOM



Handtalstöðvar

Olex



Þrívíddarplotter

DHR



Siglingaljós

VINGTOR STENTOFON



Síma og kallkerfi

YANMAR



Aðalvélar í skip og báta

SIDE-POWER



Hliðarskrúfur

ZF



Stjórntæki og gírar

MELCAL



Löndunarkranar

KOHLER
IN POWER. SINCE 1920.



Rafstöðvar og ljósavélar

attwood



12V og 24V lensidælur



Sjókopar - sjóinntök - sjósíur - lokar - zink

MTK BEARINGS



Kúlu- og keflalegur

Prestolite electric



Alternatorar og DC rafalar

NorSap



Skipstjórastólar

TEIGNBRIDGE



Skrúfur

Marás ehf. - Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
Sími: 555 6444 - www.maras.is - postur@maras.is

Fagleg ráðgjöf, sala og þjónusta
Bjóðum aðeins viðurkenndan búnað

Friðrik A Jónsson ehf. - Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
Sími: 552-2111 - www.faj.is - faj@faj.is



Eðvarð T. Jónsson:

Guðbergur Bergsson - minningarorð

Markaði djúp spor í íslenska bókmenntasögu

Guðbergur Bergsson, rithöfundur, þýðandi og heiðursborgari Grindavíkur, lést á heimili sínu í Mosfellsbæ eftir stutt veikindi þann 4. september 2023, tæplega 91 árs að aldri. Guðbergur var einn merkasti rithöfundur okkar samtíðar og skildi eftir sig fjölmörg ritverk, skáldsögur, ljóð, barnabækur og þýðingar. Ritverk Guðbergs hafa markað djúp spor í bókmenntasögu Íslands og Evrópu og hann var margverðlaunaður fyrir verk sín, bæði frumsamin og þýdd. Skáldsaga hans, „Tómas Jónsson, metsölubók“ sem kom út árið 1966, vakti mikla athygli sem tímamótaverk og einhver mesta formbylting íslenskra bókmennta og telst fyrsta móderníska skáldsagan á íslensku. Verk hans hafa verið þýdd á fjölda tungumála. Tvær kvikmyndir hafa verið gerðar sem byggðar eru á verkum Guðbergs, „Svanurinn“ sem var frumsýnd árið 2018 og „Missir“ sem var frumsýnd haustið 2023. Árið 2013 var Guðbergur sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Mála- og menningardeild Háskóla Íslands. Sama ár var Guðbergsstofa opnuð í Kviku, auðlinda- og menningarhúsi Grindavíkur.

Fæddur í kreppunni miklu

Guðbergur Bergsson fæddist í Grindavík 16. október 1932. Bergur, faðir hans, starfaði sem sjómaður á veturna og trésmiður á sumrin í Grindavík. Þegar Guðbergur fæddist stóð kreppan mikla yfir. Heldur fátæklegt var í Grindavík á þeim árum en Guðbergur segir að andrúmsloftið hafi verið gott. Hann stundaði sjómennsku á yngri árum en útskrifaðist með kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands 1955. Því næst ferðaðist hann til Spánar þar sem hann útskrifaðist með próf í spænskum fræðum, bókmenntum og listasögu.

Guðbergur hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir skáldsöguna Svaninn árið 1991 og fyrir skáldævisöguna Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar árið 1997. Á þá bók má líta sem eins konar sjálfsævisögu Guðbergs. Hann hlaut Norræn verðlaun sænsku bókmenntaakademíunnar árið 2004, fékk Riddarakross Afreksorðunnar frá Spánarkonungi og riddarakross Hinnar íslensku fálkaorðu 1994. Sama ár var frumsýnt leikrit eftir Viðar Eggertsson sem hann skrifaði upp úr Tangabókum Guðbergs, „Það sefur í djúpinu“, „Hermann og Dídí“ og „Það rís úr djúpinu“.

Stórbrotinn höfundur og umdeildur

Fyrstu bækur hans, skáldsagan Músin sem læðist og ljóðabókin Endurtekin orð komu út árið 1961, en síðan sendi hann frá sér fjölda bóka af ýmsum toga, smásögur, skáldsögur, barnabók, skáldævisögur og fleira. Auk þess ritaði hann greinar um bókmenntir, listir og



Guðbergur Bergsson var mikilvirkur þýðandi og var tilnefndur til Íslensku þýðingarverðlaunanna 2013 fyrir þýðingu sína Skáldið er skrípatól. Um ævi og skáldskp Fernando Pessoa. Hér er Guðbergur ásamt þýðendunum Guðna Kolbeinssyni, Halldóri Eldjárn, Elísu Björg Þorsteinsdóttur, Arthúri Björgvini Bollasyni, Jóni St. Kristjánssyni og Ásdísi Ingunnardóttur.

þjóðfélagsmál í dagblöð og tímarit. Hann var einn afkastamesti þýðandi okkar úr spænsku og átti stóran hlut í að kynna spænsku og portúgölskumælandi höfunda hér á landi.

Í viðtali Illuga Jökulssonar við Guðberg sem birtist í Heimildinni 16. október 2022 segir að um fyrstu bækur hans, einkum „Tómas Jónsson metsölubók“, „Ástir samlyndra hjóna“ og „Önnu“, hafi staðið þvílíkar deilur að þjóðin hafði ekki upplifað annað eins í bókmenntum síðan Laxness var sakaður um að vilja kollvarpa bændamenningunni. „Í öllum þeim hamagangi varð það að mestu útundan að Guðbergur var að gera einhverja mestu formbyltingu sem íslensk skáldsaga hafi orðið að þola, og eftir á að hyggja sé ekki vafi á að sú bylting var nauðsynleg og gagnleg. Þar að auki skapaði Guðbergur sinn eigin prívatheim með töluvert markvissari hætti en títt er um íslenska rithöfunda.“

Í þessu viðtali lýsir Guðbergur viðhorfi sínu til óbrotinna alþýðukvenna og -manna og segir meðal annars: „Einkum og sér í lagi hef ég reynt að lýsa



Bók Guðbergs Missir hefur verið kvikmynduð en bíður frumsýningar. Á myndinni eru bókarhöfundur og kvikmyndahöfundurinn Ari Alexander Ergis Magnússon.

alþýðufólki. Alþýðumaðurinn er vitsmunavera, ekki síður en borgarinn, og hann er gæddur flóknu og margbrotnu tilfinningalífi. Í öðrum bókum er það sífellt borgarinn sem er að brjóta heilann um veruleika sólarinnar eða trúarinnar eða þjóðfélagsins en í mínum bókum gerir alþýðumaðurinn það líka.“

Gullkorn úr penna Guðbergs

- „Dauðinn er svo einkennilega skammt frá lífinu. Hann fylgir því fast eftir, hann fæðist með því. Stundum leiðir hann ævi manns. Og það er hægt að ganga frá lífinu inn í dauðann, en það er engin leið að snúa frá honum aftur til lífsins nema aðeins einu sinni: aðeins þegar maður fæðist.“

- „Skáldsagan var fálki fyrri tíðar, hún reif allt í sig, núna gerir hún sér mófugla að góðu til að geta tórað.“

- „Ég reyndi líka lengi að komast hjá því að verða rithöfundur. Ég vildi ekki vera það vegna þess að maður lifir í hagnýtum heimi og ég reyndi að taka einhverjar hagnýtar ákvarðanir. En að lokum varð ég að láta undan, fyrst lítillega og loks alveg.“

- Það eru ekki til hugrakkir stjórnmálamenn heldur huglausir kjósendur.“

- „Sá maður er ekki til sem langaði ekki til að hverfa á ný til staðarins sem hann kom frá, til að sameinast honum að eilífu, vegna þess að við fæðumst ekki frjáls og glöð, þótt við höldum það. Við fæðumst inn í ævilangt umkomuleysi.“

- „Mitt viðhorf til skáldskapar, mín heimspeki, kemur best fram í ljóðabók sem heitir „Endurtekin orð“. Flest allt í bókum eru svona endurtekin orð. Maður skapar í raun og veru ekkert nýtt — lagar í mesta lagi svolítið til. Fólk hefur verið að þróast í mörg þúsund ár og það getur enginn þóst finna það allt í einu upp. Tenging listaverksins við mannlífið er hugsunin.“

Festi - *Ljósmyndir: Ólafur Rúnar*



Félagsheimilið Festi í byggingu. Ljósm; Ólafur Rúnar 1968.



Félagsheimilið Festi í Grindavík, 1976. ljósm: Ólafur Rúnar.



Jóna Ingvadóttir að störfum í miðasölunni í Festi 1975.



Tómas Tómasson, framkvæmdastjóri í félagsheimilinu Festi. Ljósm: Ólafur Rúnar, 1975.



Starfsfólk í félagsheimilinu Festi 1975. Ljósm: Ólafur Rúnar.



Sigurpáll Einarsson við gosbrunn í Festi, þegar að Grindavík fékk heitt vatn frá Svartsengi, fyrstir manna á Suðurnesjum, 1976. Ljósm: Ólafur Rúnar.Rúnar.



Eiríkur Alexandesrsson bæjarstjóri í Grindavík, flytur ávarp í Festi, þegar Grindvíkingar fengu heita vatnið frá Svartsengi 1976. Ljósm; Ólafur Rúnar.



Starfsstúlkur í félagsheimilinu Festi 1975. Ljósm: Ólafur Rúnar .



Tríó Þorsteins Guðmundssonar að spila á dansleik í Festi 1975. Ljósm: Ólafur Rúnar.



Grindavík – *Samfélag í sárum*

Það er laugardagsmorgun og ég geng út á Frakkastíginn þar sem ég hef haft aðsetur síðustu mánuði. Ég geng upp á Laugaveg, gatan iðar af mannlífi. Ég sé dreng með Pókemontösku á bakinu spöl á undan mér, hvert ætli hann sé að fara? Ég sé stúlku í síðri dúnúlpu með eyrnaskjól stilla sér upp við hliðina á uppstoppuðum ísbirni meðan félagi hennar tekur af þeim mynd. Yndislegt mannlíf ef ekki væri fyrir það að þarna þekki ég ekki sálu og enginn þekkir mig.

Ég rifja upp svipaðan laugardagsmorgun fyrir um það bil ári. Ég geng út frá heimili mínu á Borgarhrauninu í Grindavík, ætla í stuttan göngutúr. Ég er rétt komin út á gangstéttina þegar tvíburar á tíunda ári hjóla framhjá og heilsa, þeir spyrja hvert ég sé að fara og hvort Siggi sé á sjó. Ég svara þeim og held áfram, geng niður Víkurbrautina í átt að sjónum. Geng niðrí Bót og heilsa þar konu sem er að viðra hundinn sinn. Ég sný við og geng niðrá bryggju. Þar er hópur ferðamanna



Fanney Pétursdóttir og Sigurður Jónsson, skipstjóri.

að skoða sig um og heimsækja veitingahúsið Bryggjuna sem er heimsþekkt fyrir humarsúpuna sem þeir bjóða upp á. Ég held áfram Hópsnesið, framhjá minnisvörðum um skipsskaða og sé leifar skipsflaka sem minna á hversu náttúran getur verið óvægin. Við og við mæti ég fólki á hressingargöngu og heilsa, þekki flest.

Þegar ég kem tilbaka inn í bæinn fer ég framhjá dvalarheimilinu Víðihlíð en þar standa yfir stórframkvæmdir, bæði er verið að stækka dvalarheimilishlutann og svo skilst mér að Heilsugæslan eigi að færast þangað líka. Ég nálgast Hópið, fótboltahúsið okkar þar eru að byrja fótboltaæfingar yngri flokka. Þar og á æfingarsvæðinu austan við það æfðu börnin mín og kepptu og þar þekkti maður hvert andlit alla tíð. Þegar ég nálgast Gula húsið veifa ég tengdapabba sem er á leið þangað að tippa á enska boltann hjá þeim Gunnari Má og Bjarka.

Ég kem að íþróttahúsinu, þar er hvert stæði skipað, framundan er leikur í

úrslitakeppni körfuboltans og til stendur að bjóða upp á hamborgara í Gjánni fyrir leik.

Áður en ég fer heim ætla ég að koma við hjá Höllu og næla mér í eitthvað gómsætt til að taka með heim þar sem ég er ein heima. Ég kem inn í Verslunarmiðstöðina okkar. Í Palóma hjá henni Lindu er hópur utanbæjarkvenna sem hefur ákveðið að gera sér glaðan dag og heimsækja Grindavík. Lyfja er lokuð á laugardögum en ég hitti Valgerði sem er hjartað í Lyfju Grindavík, hún er að undirbúa eitt af sínu rómuðu matarboðum og vantaði hvítvín úr Vínbúðinni með forréttinum.

Með gleði í hjarta held ég heim eftir nærandi og góðan göngutúr.

Það er þetta samfélag sem ég þekki svo vel og elska að tilheyra.

En 10. nóvember breyttist allt, þegar jörðin hreinlega gliðnaði undir fótum okkar svo við þurftum að yfirgefa bæinn okkar. Í fyrstu héldum við að það væri bara til skamms tíma en nú fjórum eldgosum og einu mannsláti seinna þá gerum við okkur grein fyrir því að það er langt í land. Samfélagið okkar er brotið og við erum að fara í gegnum sorgarferli á sama tíma og við erum neydd til að gera breytingar á lífi okkar sem enginn sá fyrir.

Sorgarferlið er flókið, á sama tíma og við reynum að koma undir okkur fótum á nýjum stað viljum við ekkert frekar en að koma heim í samfélagið okkar og fyrirsjáanleikann. Við upplifum depurð, söknuð, kvíða, ótta og reiði á sama tíma og við erum að reyna að halda í vonina. En þar sem hver og einn einasti íbúi er hluti af þessu samfélagi er ljóst að það verður aldrei samt aftur. Við höldum samt sem áður í vonina að Grindavík verði aftur öflugt sveitarfélag þar sem gott er að vera.

Grindavík er alltaf bærinn minn.
Í særoki, í saltfiski.



Ingibörg Sigurðardóttir, Grindvíkingur ásins 2020.

Á haustkvöldi við syngjum saman.
Í Grindavík er ósköp gaman.
Því okkar vík er engri lík
og áfram liggja sporin
í kyrrð við útnesin á vorin.
Við hraunsins fald er húmið bjart
þá heilladísir lýsa engi Svarts.

(Guðmundur Vilhjálmsson,
f. 19. febrúar 1933)

Fanney Pétursdóttir



Knattspyrnukonan Ingibjörg Sigurðardóttir, fyrirliði Vålerenga, lyfti norska meistarabikarnum þegar liðið tryggði sér sigur í úrvalsdeildinni með 3:1-sigri á Stabæk 2023.



Við óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra innilega til hamingju með sjómannadaginn

Slippurinn AKUREYRI

DNG BY SLIPPURINN AKUREYRI

Sjómennt

www.sjomennt.is

SALTKAUP EHF



Saltkaup ehf / Cuxhavengata 1 / 220 Hafnarfjörður / sími: 560 4300
saltkaup.is / saltkaup@saltkaup.is



KONGSBERG BERGEN ENGINES ON LAND. AT SEA. mtu SIMPLEX HÉÐINN

Linde Rexroth Sauer Danfoss Denison/Parker



Dælur - Mótorar - Stjórnlokar - Fjarstýringar - Rafbúnaður

Fullkomin viðgerðarþjónusta



Vökvadælur
Vökvamótorar
Vökvakistur
Gírar og annar búnaður

Viðgerðir á búnaði sem hætt er að framleiða!

Þráðlausir skynjarar



Erum umboðsaðilar EI-Watch

- Titrings- og hitaskynjun (sambyggt)
- Infrared
- Mismunaþrýstingur
- Tímatalning og fleira
- Endalausir möguleikar

Upplýsingar safnast saman í skýi og sendast í sms eða tölvupóst!

Telco - ABB - Siemens - Omron - Emerson og fl.

Poclain Hägglund





SAI Valmet





Einnig varahlutir og viðgerðir

Fjölbreytt úrval skynjara og stýringa



Sick Turck Eaton Allen-Bradley

Vökvatæki ehf
Sími 8614401
vt@vokvataeki.is - www.vokvataeki.is

Valmet - Berarma - Charlynn - Eaton - Rexroth - Linde - Parker - Brevini - SAI - Danfoss - Intermot - Hägglund - Poclain - Staffa - Atlas Copco - Hiab - Palfinger - Fabercom - Denison - Komatsu - Liebherr - Perkins og fl.



Samningar voru undirritaðir í febrúar 2022. Þá var hafist handa við undirbúning og innkaup fyrir smíðina. Smíðin hófst síðan í október 2022 í Astilleros Armon Gijon S.A skipasmíðastöðinni í Gijón í Asturias héraði á norður Spáni.

Stálið í smíðina kemur úr stálverksmiðju við bæjardyrnar um 30 km frá Gijón, skrokkurinn er smíðaður úr stáli, en yfirbygging úr áli, og þarf um 950 tonn í smíðina. Skipið er smíðað í 29 einingum, hver og ein eining er teiknuð og vatnsskurður notaður til að skera niður járnið. Tilsniðið, beygt og mótað stálið eftir skurð, er flutt yfir í smíðaskálann. Þar tekur mannshöndin við, stillir upp tilsniðnu járninu og rafsýður saman. Hver eining er 15 til 50 tonn á þyngd er síðan hífð út í kví til samsetningar og skipsskrokkurinn verður til.

Þegar stálvinnu er að mestu lokið þá er búnaði, lögnum, klæðningu og innréttingum komið fyrir.

Skipið var sjósett 27. nóvember í fyrra (2023), en þá átti enn eftir að smíða yfirbyggingu. Eftir sjósetningu var skipið dregið yfir að bryggju á athafnasvæði skipasmíðastöðvarinnar og haldið áfram við verkið þar, í fyrstu lokið við yfirbyggingu.



Nú er unnið að því að koma fyrir búnaði og tengja. Búnaður í skipið kemur víða að, frá mörgum löndum, og fluttur til Gijon með bílum eða skipum.

Framdriftbúnaður frá Man, aðalvél, gír og skrúfubúnaður voru smíðaðar víða, aðalvélin á Indlandi, skrúfuhringur í Póllandi.

Tæki í brú frá Simrad, Furuno, Radiomiðun og fleiri aðilum. Hjálparvélar frá Scania.

Búnaður frá Micro Íslandi verður á vinnsluþilfari, lestar/karakerfi í lest frá Crane solutions í Hollandi.

Öll spil verða rafdrifin frá Ibercisa á Spáni, stýribúnaður við þau frá Siemens.

Dælur verða frá Tsunami og Azcue, skilvindur frá Alfa Laval.

Enn eru einhverjar vikur eftir. Ýmsar ástæður hafa gert það að verkum að nokkrar tafir hafa orðið á verkinu. Nú gera áætlanir ráð fyrir því að búnaðarprófunum og prufusiglingu verði lokið í júnílok og skipið þá afhent.

















Nýsmíði: Guðbjörg GK 9



24. janúar var Guðbjörg GK 9 sjósett við skipasmíðastöð Njarðvíkur. Skipið er smíðað fyrir Stakkavík og verður gert út á nýju kvótaári. Hönnun og smíði skipsins er á vegum skipasmíðastöðvar Njarðvíkur og Ráðagarði skipahönnun. Búnaður skipsins er að mestu frá innlendum aðilum.



Til hamingju með daginn sjómenn!

Marport óskar sjómönnum & fjölskyldum
þeirra innilega til hamingju með daginn.

MARPORT

MARPORT

MARPORT.COM

ICELAND USA SPAIN NORWAY FRANCE SOUTH AFRICA UK

MD Vélar ehf

REYNSLA - ÞEKKING - RÁÐGJÖF

Starfsmenn MD Véla ehf,
óska sjómönnum og fjölskyldum þeirra,
innilega til hamingju með daginn.



Hamingjan er sem hafið,
hjúpað af sólarglóð,
dreymir að djúpið hylji
dýran og fágætan sjóð.

Jónas Guðlaugsson

MD Vélar ehf | Vagnhöfða 12 | 110 Reykjavík | s. 567 2800 | mdvelar@mdvelar.is | mdvelar.is



Húsnæðismál Fisktækniskólans í uppnámi



Klemenz Sæmundsson

Fisktækniskóli Íslands hefur verið á faraldsfæti eftir atburðina í Grindavík 10. nóvember, þegar öllum var gert að yfirgefa bæinn vegna jarðskjálfta og yfirvofandi eldgoss. Í tvígang hefur skólinn reynt að flytja starfsemina aftur til Grindavíkur, bæði fyrir og eftir áramót, en það gekk ekki upp. Annars vegar vegna endurtekinna lokana í bænum og hins vegar vegna rafmagns- og/eða vatnsleysis.

Fisktækniskólinn hefur verið í leiguhúsnæði á efri hæð Víkurbrautar 56, húss sem Landsbankinn á og er með útibú sitt á jarðhæðinni. Húsið er skammt frá þeim gjám sem mynduðust í jarðhræringunum en skemmdist þó óverulega. Hins vegar eru hús skammt frá sem skemmdust mikið í jarðskjálftunum og þeirri gliðnun sem fylgdi í kjölfarið. Þegar og ef náttúruöflin fara að róast þá er nú hægt að vera hóflega bjartsýnn að halda því fram að hluti bæjarbúa snúi til baka og hægt og bítandi fjölgi aftur í bænum. Ef tækifæri gefst til þess mun Fisktækniskólinn flytja aftur til baka til Grindavíkur. Í dag eru níu starfsmenn við Fisktækniskólann, þar af eru þrír með lögheimili í Grindavík. Það varð ótrúlega lítil röskun í skólanum þegar atburðarásin hófst er leiddi til þess að starfsemi skólans var flutt frá Grindavík. Skólinn hefur lengi verið í góðu samstarfi við Sjávarklasann við Granda í Reykjavík og þegar húsnæði bauðst fyrir skrifstofur skólans var ákveðið að stýra skólanum þaðan.

Grunnnámið er tveggja ára nám á framhaldsskólastigi í Fisktækni. Helmingur þess er bóklegur en hinn vinnustaðanám og gerir skólinn þá samning við viðkomandi sjávarútvegsfyrirtæki um verklega þáttinn sem fer fram á vinnustað undir eftirliti umsjónarkennara.



Nemendur í fisktækni á suðvesturhorninu hafa sótt bóklega hlutann í Fisktækniskólanum og vinnustaðanámið hafa þeir tekið á vinnustöðum á svæðinu. Nemendur í öðrum landsfjórðungum taka bóklega hlutann í fjarnámi frá Fisktækniskólanum og vinnustaðanámið á vinnustöðum í heimabyggð.

Ofan á grunnnámið í Fisktækni geta nemendur tekið framhaldsbrautir, svokallaðar þriðja árs námsbrautir; Fiskeldistækni, Marel vinnslutækni, Gæðastjórnun, og Haftengda nýsköpun þar sem áhersla er á leiðtogafærni, nýsköpun og markaðsmál. Námið í Haftengdri nýsköpun hefur einmitt verið unnið í samstarfi við Sjávarklasann. Skólinn býður auk þess upp á nám í Veiðarfæratækni sem er löggild iðngrein.

Fisktækniskólinn hefur starfað á annan áratug og er í eðli sínu landsbyggðarskóli því fjölmargir nemendur hans búa úti í hinum dreifðu byggðum landsins. Frá upphafi hefur skólinn lagt áherslu á að nemendur gætu stundað nám sitt í heimahögunum, samhliða daglegri vinnu, og það hefur gefist vel. Mikilvægt er að geta lagt lóð á vogarskálarnar við að auka þekkingu fólks vítt og breitt um landið með þessum hætti enda er það svo að margir hafa ekki möguleika á því að rífa sig upp og flytja tímabundið milli landshluta til þess að setjast á skólabekk. Þó svo að nemendur og kennarar hittist títt á fjarfundum til þess að fara yfir námsefnið hefur það komið fyrir að þeir hittist ekki í raunheimum fyrr en þegar kemur að formlegri brautskráningu. Margir hefja nám í Fisktækni í Fisktækniskólanum að undangengnu raunfærnimati. Út úr því kemur oftar en ekki upp úr krafsinu að fiskvinnslufólk býr yfir yfirgripsmikilli þekkingu og því þurfi það ekki að taka nema hluta Fisktæknináms til þess að ljúka því með formlegum hætti. Raunfærnimatið er þannig afar mikilvæg og góð leið til þess að opna reyndu starfsfólki möguleika til þess að sækja sér formlega menntun og margir þessara nemenda hafa síðan haldið áfram námi að fisktækninni lokinni í nám á þriðja ári til þess að afla sér sérþekkingar og um leið að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Á síðustu árum hafa verið u.þ.b. 130-150 nemendur í skólanum, en sumir þeirra eru ekki í fullu námi, þeir taka hvort heldur þeir vilja Fisktæknina eða þriðja árs námið á lengri tíma. Gæðastjórnunarnámið hefur á síðustu árum sótt mjög í sig veðrið. Farið frá því að vera að jafnaði 15 til 20 nemendur í að vera á milli 30-35 nemendur. Að námi loknu starfa þeir að gæðamálum í fiskvinnslu en einnig í m.a. veitingageiranum, sláturhúsum og kjötvinnslum. Þetta er því nám sem ekki einungis nýtist fólki sem starfar í sjávarútvegi heldur á það klárlega erindi til fleiri tegunda matvælavinnslu. Fiskeldisnámið hefur einnig verið mjög vinsælt og það hafa einnig stundað fast að þrjátíu nemendur á ári. Þessi áhugi kemur ekki á óvart enda er fiskeldið í örum vexti, t.d. sjókvíaeldi á Vestfjörðum og Austfjörðum, og landeldið er líka í vexti, t.d. er rótgróið eldi í Öxarfirði og mikil uppbygging er í pípunum á Reykjanesi, Suðurlandi og í Vestmannaeyjum.

Styrkur skólans er fjarnámið, skólinn var einn af þeim fyrstu hér á landi sem fór að kenna stóran hluta af sínu námi í fjarnámi og það hefur komið skólanum vel í núverandi ástandi í Grindavík. Auk formlegra námsleiða höfum við einnig verið með fjölda netnámskeiða fyrir sjávarútvegsfyrirtæki, fyrirtækjum í fiskeldi og fyrirtækjum í öðrum matvælaiðnaði. Á haustönn buðum við til dæmis upp á kjaratengd námskeið starfsfólks í fiskvinnslu en við keyrðum þau rafrænt að þessu sinni. Með því að nýta okkur lausn hugbúnaðarfyrirtækisins LearnCove, sem einnig er til húsa í Sjávarklasanum, var hægt að vera með námskeiðin á þrettán tungumálum. Starfsfólk í fiskvinnslu, sem á mörgum vinnustöðum er að töluverðum hluta af erlendum uppruna, gat því setið námskeiðin á sínu tungumáli sem skiptir verulega miklu máli. Skólinn hefur alltaf lagt áherslu á að nýta nýjustu tækni sem er í boði hverju sinni og hugbúnaðarlausn LearnCove er einn af mikilvægum þáttum í því að ná til fólks af erlendum uppruna. Eins og staðan er núna á vinnumarkaði er vöntun á starfsfólki í mörgum atvinnugreinum og því má ætla að fyrirtækin þurfi í auknum mæli að leita út fyrir landsteinana. Og þessi vöntun á starfsfólki mun ekki minnka því það liggur fyrir að á komandi árum fara stórir árgangar fólks á eftirlaun. Það er því ljóst að það verður áfram mikil þörf fyrir erlent vinnuafl og Fisktækniskólinn mun hafa ríkum skyldum að gegna í menntun þessa starfsfólks.

Klemenz Sæmundsson





ÞORBJÖRN HF.

Hafnargötu 12, 240 Grindavík
Sími 420 4400 - Fax 420 4401



VÍSIR
FÉLAG SKIPSTJÓRNARMANNA
Á SUÐURNESJUM
Hafnargötu 90 - 230 Keflavík - Sími 421 4942

Traustur og framsækinn samstarfsaðili við sjávarútveginn



www.tgraf.is
426-7660 / 692-3693
tgraf@tgraf.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2020 2022

2019 2022 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

SKIPAÞJÓNUSTA STÝRINGAR ÖLL ALMENN RAFÞJÓNUSTA IÐNAÐUR MANNVIRKI

TG RAF

Sendum sjómönnum, fiskvinnslufólki og öðrum Grindvíkingum hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn

HH SMÍÐI ehf.

FMS

Aðalskrifstofa:	422-2400	Vaktsímar
Grindavík:	422-2420	824-2403
Sandgerði:	422-2410	824-2401
Hafnarfjörður:	422-2460	824-2406
Patreksfjörður:	422-2470	895-8931
Ísafjörður:	422-2430	824-2404
Siglufjörður:	422-2440	899-7807
Höfn:	422-2450	824-2407

FMS hf

Til þjónustu reiðubúnir

www.fms.is

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF
588 80 40
www.scanver.is
GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

HP GÁMAR
HÓPSNES




VOOT
Óskum sjómönnum og fjölskyldum
þeirra innilega til hamingju með daginn
ALLT TIL ÚTGERÐAR
OG VINNSLU
ALLT Á EINUM STAÐ
www.voot.is
Skarfagörðum 4
104 Reykjavík
s. 581-2222
Ólafsbraut 19
355 Ólafsvík
s. 841-1205
Norðurtangi 1
600 Akureyri
s. 841-1322

Framkvæmdir framundan og staða verkefna



© Eyjólfur Vilbergsson

Þegar ég loksins settist niður til þess að skrifa þennan árlega pistil í Sjómannadagsblaðið fyrir árið í ár, gerðist akkúrat ekki neitt. Ég starði drjúga stund athafnalaus á skjáinn, engar haldbærar hugsanir fæddust. Hugurinn hljóp í endalausa hringi. Ég einfaldlega hafði mig ekki af stað. Um hvað átti ég að skrifa? Eru þetta ekki allt hreinustu hörmungar sem engin glóra fæst í og hver nennir að lesa upptalningu á þeim, á ég að lýsa þeim eitthvað sérstaklega? Er ekki af nógu að taka á þeim vettvangi svo ég fari ekki að bæta við í þann flór? Er ekki miklu skemmtilegra að fara í jákvæða gírinn, reyna að vera uppörvandi og jafnvel skemmtilegur? Það er erfitt að hljóma trúverðugur ef jákvæðnin á ekki neina innistæðu í veruleikanum. Innantóm lofræða og ofurbjartsýni um að ástandið verði betra seinna á meðan óvissan er algjör mun ekki gera neinum neitt alvöru gagn. En til þess að þetta verði nú samt að einhverskonar pistli þá var ekki alveg úr vegi að reyna að lýsa ástandinu eins og það er og reyna þannig að fanga jafnvægið milli neikvæðni og jákvæðni sem við getum kallað raunveruleikann.



Ljósglætan

Ljósglætan er sú að samdrátturinn 1.-26. apríl 2024 varð aðeins 32,3% miðað við sama tímabil síðasta kvótaárs. Útgerðir í Grindavík hafa flestar ákveðið að landa í Grindavíkurhöfn eins og hægt er að teknu tilliti til ástandsins í jörðinni. Vonandi verður smám saman vöxtur í lönduðum afla og að jarðhræringarnar fjari út eða færist á hentugri og öruggari stað. Síðast en ekki síst vekur það von í brjósti mínu að vilji grindvíska sjómanna er umfram allt að landa sem allra mestu í Grindavíkurhöfn. Fyrst og fremst eru það grindvískir sjómenn sem gefa tilefni til bjartsýni þegar þetta er skrifað.

Atvinnulífið í Grindavík

Ef marka má orð Magnúsar Tuma Guðmundssonar prófessors í jarðeðlisfræði er athafnasvæðið við höfnina í

Grindavík öruggt svæði til þess að starfa á. Á þessum orðum vísindamannsins viðhöldum við atvinnulífinu með starfsemi í kringum höfnina í gangi hvorki meira né minna þrátt fyrir margumtalaða óvissu á öllum sviðum. Fyrirtæki sem reka fiskeldi, orkuver, veitur og Bláa lónið, iðnfyrirtæki, gáma-, jarðvinnu- og flutningafyrirtæki eru öll með starfsemi í gangi og hyggjast halda því áfram. Um 90% allra fyrirtækja í Grindavík eru enn með starfsemi í bænum. Þessu þurfum við að viðhalda til þess að tryggja það að Grindvíkingar hafi að einhverju að snúa þegar tækifæri gefst til.

Aftur heim

Hópur Grindvíkinga sem kallar sig „Aftur Heim“ er gallharður á því að halda Grindavík í byggð sem er aðdáunarvert markmið og ljóst er að þarna er fólk sem er tilbúið að tefla djarft til að byggja upp samfélagið sitt. Ef aðstæður fara batnandi stækkar þessi hópur vonandi umtalsvert á komandi mánuðum. Þó má ljóst vera að í Grindavík ríkir enn mikil óvissa og tíminn einn mun leiða það í ljós hvort og hvenær hægt verður að taka uppbygginguna á fulla ferð áfram. Mögulega verður það fyrr en varir.

Mér hefur fundist aðeins bera á hópum sem pirra sig á hvor öðrum. Ég vil í þessu sambandi benda á að kjarninn í siðalögmáli heimspekingsins Emmanúel Kants sem hljómar svo: Þorið að vera frjáls og virðið frelsi annarra. Enn fremur sagði hann: Hver maður er frjáls, ekki vegna þess að hann sé fæddur frjáls, heldur vegna þess að hann er fæddur með þá byrði að bera ábyrgð á frjálsri ákvörðun. Af hverju er ég að þylja þessa heimspeki hér í Sjómannadagsblaðinu. Jú, vegna þess að ég og sjálfsagt meginþorri Grindvíkinga stöndum frammi fyrir mörgum snúnum ákvarðanatökum á komandi mánuðum og árum sem snúa að okkar eigin hagsmunum. Mjög mörg okkar hafa nú þegar ákveðið að selja ríkisfyrirtækinu Þórkötlu fasteign okkar. Einhver okkar hafa ákveðið að snúa aldrei heim á meðan önnur eru harðákveðin í því að snúa heim um leið og og þau meta það öruggt og sum hafa jafnvel þegar snúið heim. Ég tel að flestir Grindvíkingar vilji bíða og sjá hvort og hvenær óhætt er að snúa heim, frelsið er okkar hvers og eins að taka ákvörðun sem hentar hverjum og einum. Við þurfum að virða frelsi einstaklinga og fyrirtækja til taka eigin ákvarðanir.

Atvinnuteymið

Atvinnuteymi Grindavíkur og samráðshópur fyrirtækja hafa átt gagnleg samtöl



Á mynd og töflu hér að neðan má sjá samanburð á löndðum afla yfir sama tímabil kvótaáranna 22/23 og 23/24, þ.e. 1. september 2023 til 26. apríl 2024. Kvótaárið fór vel af stað og var aflinn í september árið 2023 tæpum 35% meiri en sama mánuð árið 2022. Í október 2023 var 73% meiri afla landað í Grindavíkurhöfn en sama mánuð árið 2022. Allsherjar rýming var úr Grindavík þann 10. nóvember 2023 eins má glögglega sjá á löndðum afla en þá drósta aflinn saman um 73%. Næstu fjóra mánuði var samdráttur á löndðum afla 89-96% miðað við sama tímabil síðasta kvótaárs. Innflutningur á salti, lýsi og fiskifóðri hefur dregist saman um 99%. Eins og gefur að skilja er rekstrarumhverfi hafnarinnar erfitt og gengur tæpast til lengdar að búa við slíkt ástand.

	Kvótaár 22/23	Kvótaár 23/24	Hlutfall afla 23/24 af 22/23
sept	1.285	1731	135%
okt	1.401	2425	173%
nóv	1.531	411	27%
des	2.425	105	4%
jan	2.940	329	11%
feb	1.887	169	9%
mar	5.604	285	5%
1-26. apr	4.335	2934	68%
Alls	21.408	8.389	39%

Taflan sýnir samanburð yfir sama tímabil og á myndinni hér að ofan

Kæru sjómenn og fjölskyldur ykkar!

Til hamingju með sjómannadaginn



Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur

Hafnargötu 9 Sími 426 8400 • Fax 426 8405 • Netfang: svg@svg.is • www.svg.is

Skrifstofan er opin alla virka daga frá klukkan 8:00-13:00.



um áskoranir sem snúa að atvinnulífi Grindavíkur við þær kringumstæður sem við nú upplifum vegna náttúruhamfara. Á þessum vettvangi hefur verið farið yfir hagsmunamál, ræddar hugmyndir og möguleg úrræði og strengir stilltir saman fyrir hagsmunabaráttu fyrirtækja gagnvart stjórnvöldum. Hlutverk Atvinnuteymis er í grunninn einfalt. Að hjálpa til með öllum mögulegum ráðum að halda atvinnulífi í Grindavík gangandi og sem betur fer er breið samstaða um. Ef þetta tekst er kominn góður grunnur fyrir Grindvíkinga til að byggja okkar góða samfélag upp á ný.

Framtíðarhorfur

Það er ljóst að þrátt fyrir risastórar áskoranir virðist viðnámið gríðarlega öflugt í Grindavík. Eins lítið og við megum okkar þegar við stöndum móti náttúruöflunum hefur tekist að ná þetta háu hlutfalli af löndunum og hjólin eru að byrja að snúast á fleiri sviðum. Það sýnir sig að höfnin sem hefur lengi verið „vagga Grindvíkur“ rúllar í gang með okkar öflugu útgerðarfyrirtækjum og svo dúkka upp fleiri og fleiri sem byrja að fikra sig af stað. Áskoranirnar verða ærnar, jarðsigið getur haft sitt að segja en það blæs manni svo sannarlega von í brjóst að sjá viðspyrnuna í virkni, vaxandi hvern dag. Þó við þurfum að taka eitt skref aftur á bak fyrir hver tvö áfram þá hefst það með seiglunni, - eða hvað sagði aftur í laginu um Suðurnesjamenn?

Sjómenn og fjölskyldur innilega til hamingju með daginn.

Sigurður A. Kristmundsson
Hafnarstjóri Grindavíkurhafnar



Þröstur Magnússon hafnarvörður





Kæru sjómenn og fjölskyldur ykkar!

Til hamingju með sjómannadaginn



Grindavík... útgerðarbær

www.grindavik.is

ALLT FASTEIGNASALA
REYKJANESBÆ - GRINDAVÍK - MOSFELLSBÆ

ALLT FASTEIGNASALA

ÉG TEK VEL Á MÓTI ÞÉR OG LEIÐBEINI ÞÉR
Í GEGNUM **ALLT** FERLIÐ



- RÁÐGJÖF VIÐ KAUP OG SÖLU FASTEIGNA
- FRÍTT OG SKULDBINDINGARLAUST SÖLUVERÐMAT
- LJÓSMYNDUN FAGLJÓSMYNDARA INNIFALIN
- FASTEIGNASALI SÝNIR ALLAR EIGNIR



PÁLL ÞORBJÖRNSSON
Löggiltur fasteignasali

ALLT fyrir þig

560-5501 pall@allt.is www.allt.is



KONGSBERG BERGEN ENGINES ON LAND. AT SEA. mtu SIMPLEX

HÉÐINN



Dasað uppi á dekki

Sjáumst á sjómannadaginn!

70 milljónir
á tvöfaldan miða
Dregnar út 4. júlí

Dregið alla fimmtudaga
Vertu með á **das.is** | 561 7757

das
HAPPDRÆTTI
1954–2024
70

Síðan 1918

Við höfum tryggt sjófarendur í meira en 100 ár



SJÓVÁ

Sjóvá | Hafnargötu 26 | 440 2000 | sudurnes@sjova.is

Vélsmiðja Grindavíkur

Til þjónustu við sjávarútveginn í yfir 30 ár

Bílaverkstæði- Verslun- Renniverkstæði- Vélsmiðja



VÉLSMIÐJA GRINDAVÍKUR

Seljabót 3, 240 Grindavík / Sími 426 8540 / www.vgsmidja.is

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

www.fss.is



Starfsfólk Fjölbrautaskóla Suðurnesja sendir sjómönnum, fiskvinnslufólki og Grindvíkingum öllum hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn með von um bjarta framtíð. Minnum á að innritun í skólann fyrir næstu önn lýkur 8. júní, fyrir nemendur fædda 2008. Nánari upplýsingar má fá á heimasíðu skólans www.fss.is.

Til hamingju með daginn, sjómenn!



netto

Aðalfundur Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur 27.12. 2023













Aðalfundur félagsins fór fram að þessu sinni í húsi fagfélaganna að Stórhöfða 29 í Reykjavík, þar sem skrifstofa félagsins er nú. Ljóst er að ekki verður farið til Grindavíkur næstu misserin með skrifstofu félagsins.

Fámennt en góðmennt var að þessu sinni sem í ljósi aðstæðna er vel skiljanlegt. Um 30 manns sátu góðan fund og nutu góðra veitinga í boði félagsins.

Tvær ályktanir voru samþykktar:
„Aðalfundur Sjómanna og vélastjórafélags Grindavíkur krefst þess að lífeyrissjóðurinn Gildi segi sig úr Landssambandi lífeyrissjóða".

„Aðalfundur Sjómanna og vélstjórafélags Grindavíkur lýsir yfir mikilli óánægju með að lífeyrissjóðurinn Gildi hafi ekki veitt Grindvíkingum bjargbrú í þessum hamförum"

Venjuleg dagskrá aðalfundar fór fram með ágætum. Einar Hannes Harðarson formaður SVG flutti skýrslu stjórnar og fór yfir viðburðaríkt ár í starfi félagsins, Kári M. Ölversson gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins og voru þeir samþykktir einróma.

Orlofsmál: SVG gekk til samninga um nýsmíði á tveimur orlofshúsum í landi Miðengis í Grímsnesi á liðnu ári. Afhending hefur farið fram á öðru húsinu. Afhending seinna hússins tefst um óákveðinn tíma.

Frá 10. nóvember 2023 hafa hús félagsins verið neyðarúrræði fyrir Grindvíkinga. Í sumar verða 4 hús í boði innanlands fyrir félagsmenn SVG: Akureyri, Húsafell, Dvergahraun og Leynir í Grímsnesi.







Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur á sjómannadegi

Verkalýðsfélag Grindavíkur

SÉREFNI

UN
bókhald ehf
Almenn bókhaldsþjónusta
Reykjavíkurvegi 64
unbokhald.is
Sími 568 5730



BÁTAR OG BÚNAÐUR
SKIPASALAN

LANDSLÖG | LÖGFRÆÐISTOFA

LETURSTOFAN

www.leturstofan.is

GJÖGUR HF
GRENIVÍK



Sendum sjómönnum,
fiskvinnslufólki og öðrum Grindvíkingum
hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn

Gallerí sjó...

Ljósmyndir: Eyjólfur Vilbergsson





Gallerí sjó...


2714
SÆVÍK GK 757
VÍSIR hf
© Eyjólfur Vilbergsson


2999
DÚDDI GÍSLA GK-48
CLEOPATRA 40BB
TREFJAR
© Eyjólfur Vilbergsson

Gallerí sjó...

Ljósmyndir: Eyjólfur Vilbergsson





Gallerí sjó...



© Eyjólfur Vilbergsson



© Eyjólfur Vilbergsson

Gallerí sjó...

Ljósmyndir: Eyjólfur Vilbergsson






2799
DAÐEY GK777
VÍSIR
© Eyjólfur Vilbergsson


SFELAG GRINDAVÍKUR HF
2999
DÚDDI GÍSLA GK-48
CLEOPATRA 40BB
TREFJAR
FPT
DOOSAN
© Eyjólfur Vilbergsson

Gallerí sjó...

Ljósmyndir: Eyjólfur Vilbergsson




© Eyjólfur Vilbergsson


© Eyjólfur Vilbergsson

Á útstími og balarnir eftir í landi? Slysin gerast.

**En sum slys eru alvarlegri en önnur.
Þegar á þarf að halda erum við
þér við hlið.**

FULLTINGI